



Raunfærnimat

Nám alla ævi

Guðfinna Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Raunfærnimat

Nám alla ævi

Guðfinna Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til BEd-prófs í kennslufræði verk- og starfsmenntunar

Leiðbeinandi: Elsa Eiríksdóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Raunfærnimat-nám alla ævi

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BEd-prófs
í kennslufræði verk- og starfsmenntunar við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Guðfinna Guðmundsdóttir 2016

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Hafnarfjörður, 2016

Ágrip (útdráttur)

Verkefni þetta fjallar um raunfærnimat og nám alla ævi. Megin viðfangsefni verkefnisins er að skoða raunfærnimat, uppbyggingu og framkvæmd þess með það fyrir augum að komast að því hvort það sé hentugt fyrir stuttar námsbrautir. Skoðað er hvort raunfærnimat sé álitlegur kostur fyrir námsbraut til matsveins, en það nám er tveggja anna skólanám á matvælasviði Menntaskólans í Kópavogi og 24 vikna vinnustaðanám. Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla er rétturinn til að læra skoðaður út frá lögum og reglugerðum ásamt kröfum atvinnulífsins um sérhæft starfsfólk. Hæfniviðmið eru tekin fyrir í öðrum kafla en raunfærnimat gerir hæfni einstaklinga sýnilega. Þriðji kafli fjallar um brottfallsnemendur, en raunfærnimat byggist að hluta til á því að ná til fólks sem ekki hefur lokið formlegu námi en býr yfir hæfni í ákveðnu fagi eða starfi og vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Raunfærni er skilgreind í fjórða kafla og í undirköflum er ferillinn og tilgangur raunfærnimats skoðaður. Fimmti kafli fjallar svo um raufærnimat matsveina og þrepaskiptu námi þeirra. Í undirkafla er unnið úr óformlegri könnun sem send var til raunfærnimatstaka í matreiðslu til þess að fá álit þeirra á gildi raunfærnimats.

Efnisyfirlit

Ágrip (útdráttur)	3
Myndaskrá	5
Töfluskrá	5
Inngangur	6
1 Réttur til að læra	8
2 Hæfniviðmið	13
3 Brottfallsnemendur	16
3.1 Nám alla ævi	17
4 Hvað er raunfærni	20
4.1 Raunfærnimat	21
4.2 Ferli raunfærnimatsins	25
4.3 Hver er tilgangurinn eða ávinningur raunfærnimats	28
5 Raunfærnimat matsveina	30
5.1 Óformleg könnun send einstaklingum sem hafa farið í raunfærnimati í matreiðslu	34
6 Samantekt	37
Lokaorð	39
Heimildarskrá	40
Viðauki 1: Bréf sent til sjö einstaklina sem fóru í raunfærnimat í matreiðslu	47
Viðauki 2: Spurningar sendar til raunfærnistaka í matreiðslu	48
Viðauki 3: Gátlisti fyrir raunfærnimat matsveina	49
Mat á þekkingu og færni	519
Tölvufærni	530
FAM 102	51
GAM 104	53

Myndaskrá

Mynd 1. Þrepaskipt nám til matsveins og matartækni	31
Mynd 2. Þrepaskipting náms til matreiðslumanns	33

Töfluskrá

Tafla 1. Þrepaskipting náms til matsveins	32
---	----

Inngangur

Í þessari ritgerð verður skoðuð sú leið sem raunfærnimat varðar til að auka aðgengi þeirra að námi sem minnstu menntunina hafa. Raunfærnimati er ætlað að koma til móts við þann hóp einstaklinga sem hvarf frá námi í framhaldsskóla en hefur í gegnum óformlegt nám á vinnustað eða öðrum vettvangi öðlast færni í ákveðnu starfi eða faggrein. Raunfærnimat fyrir matsveina er viðfangsefni þessara skrifa. Spurt er hvort hægt sé að meta reynslu fólks og hæfni inn á stuttar námsbrautir eins og tveggja anna bóklegt og verklegt nám til matsveins er.

Meginmarkmið þessara skrifa er að komast að því hvort raunfærnimat fyrir verðandi matsveina sé raunhæfur möguleiki þar sem nám til matsveins er aðeins tvær annir. Skoðun mín fyrir þessi skrif var sú að matsveina námið væri of stutt til þess að hægt væri að meta einstaka þætti til styttingar á náminu.

Val mitt á viðfangsefninu er tilkomið vegna þess að árið 2012 var ég fengin til að vera fulltrúi Matvís fagfélags í matvælagreinum í raunfærnimatsteymi fyrir matreiðslu. Áhugi minn vaknaði á viðfangsefninu þar sem ég upplifði mikla þekkingu flestra matstaka án þess að þeir hefðu formlegt skírteini um hæfni sína. Sumarið 2015 fór náms- og starfsráðgjafi hjá Iðunni fræðslusetur þess á leit við mig að ég útbyggi gátlist fyrir raunfærnimat matsveina. Í fyrstu fannst mér ekki hægt að stytta tveggja anna nám en með vinnu bæði við gátlistan og þessa ritgerð breyttist sú skoðun mín. Það er ánægjulegt að fylgjast með þeim jákvæðu breytingum sem verða hjá þátttakendum í raunfærnimati. Í ritgerðinni mun ég birta óformlega spurningakönnun sem ég gerði til gamans, til að fá endurgjöf á upplifun verðandi matreiðslumanna á raunfærnimati. Sjö einstaklingar fengu könnunina og svar kom frá fimm.

Nútíma samfélag er upplýsinga og tæknisamfélag sem gerir miklar kröfur til einstaklinga um að þeir hafi færni til að vera sveigjanlegir og sýni aðlögunarhæfni í vinnu sinni. Atvinnulífið er í sífeldri þróun, örar breytingar á þjóðfélagsháttum kalla á breytingar á menntakerfinu, því flóknum og sérhæfðum störfum fjölgar ört. Atvinnutækifærum fjölgar og aukin samkeppni skapast á markaði atvinnulífsins. Því er mikilvægt að stefna stjórnvalda í menntamálum taki mið af námi alla ævi þar sem horft er á mennakerfið sem eina heild. Einstaklingar þurfa að vera tilbúnir til að takast á við hin fjölbreyttu störf og verkefni sem upp koma hverju sinni. Allt lífið er einstaklingurinn að læra og bæta við sig þekkingu á meðan hann er að takast á við ýmis störf og verkefni heima og heiman (Herr, 199; Savickas1997).

Margir fullorðnir einstaklingar sem hurfu frá námi eða hófu ekki nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla eru að bæta við sig námskeiðum og námi eftir óformlegum og

formlegum leiðum og sækja í enn meira mæli að afla sér menntunnar á einhverju sviði, vegna breyttra aðstæðna í atvinnulífinu (Hróbjartur Árnason, 2005, bls. 14-22). Þetta nám er oft tilviljunarkennt og ekki skráð og því köllum við það óformlegt eða formlaust nám (e. informal). Samspil óformlegs og formlegs náms (e. formal learning) er oft á tíðum náskylt í fræðilega samhenginu og þá sérstaklega ef við erum að tala um óformlegt nám sem er skipulagt innan skólakerfis. Óformlegt nám er skipulagt án þess að afmörkun námstíma sé skilgreindur. Formlaust nám er nám sem tengist reynslu í daglegu lífi innan fjölskyldu, á vinnustað eða frítíma (Jeffs og Smith, 2005).

Margt af því sem við lærum í daglegu lífi er afar gagnlegt á meðan annað er minna gagnlegt. Þegar við horfum á sjónvarp eða lesum bók lærum við. Þegar við erum í félagslegum samskiptum í vinnu og eða heima erum við að læra. Raunfærni (e. validation of informal/non-formal learning) er sú þekking og hæfni sem einstaklingur hefur aflað sér í formlegu og óformlegu námi. (Sólveig R. Kristinsdóttir 2012).

Mikilvægi símenntunnar hjá fullorðnum hefur verið á stefnuskrá Evrópusambandsins undanfarin ár og fylgir Ísland sömu stefnu. Mikil vinna hefur verið unnin hér á landi á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins við að fylgja þeirri vakningu sem orðið hefur í nágrenni löndunum og á vegum Evrópusambandsins og er mat á raunfærni stór liður í því átaki.

Skilgreining á óformlegu námi sem tengist raunfærnimati hefur verið sett fram af miðstöð um þróun starfsmenntunnar í Evrópu (CEDEFOP 2007). Sú skilgreining hefur verið notuð við þróun á raunfærnimati á Íslandi. Þar kemur m.a. fram að formlegt nám er skipulagt af mennta og fræðslustofnunum.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að allt nám er verðmætt og skjalfesting þess nauðsynleg óháð því hvernig námið hefur farið fram. Skilningur hefur aukist á mikilvægi mannauðs og hærra þekkingarstig samfélaga er talið auka hagvöxt og jafna stöðu fólks. Mat á raunfærni eykur möguleika fólks á vinnumarkaði að sækja sér menntun, auka færni sína og þar með styrkja sig í námi og starfi. Með viðurkenningu á færni sinni getur fólk haldið áfram í námi þar sem það er stött í þekkingu og færni í stað þess að byrja aftur þar sem formlegu námi lauk. (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a). Þörfin fyrir aðgengi að menntun er til staðar og það er yfirlýst stefna ríkistjórnarinnar að árið 2020 verði einungis 10% þjóðarinnar með grunnmenntun úti á vinnumarkaðnum, það er án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsmenntunnar (Forsætisráðuneytið 2011)

1 Réttur til að læra

Menntun hvers manns verður að metast eftir því hve hæfur hann er til að lifa og starfa í mannlegu félagi, lifa og starfa þannig að líf hans verði með hverjum degi meira virði fyrir sjálfan hann og aðra (Guðmundur Finnbogason 1903:31)

Menntun er gríðarlega mikilvæg bæði fyrir einstaklinga og hagkerfið í heild sinni. Menntun er grundvallaratriði mannréttinda og skilyrði þess að fólk geti notið annarra mannréttinda. Menntun stuðlar að frelsi fólks og styrkir það til framþróunar í lífi sínu (UNESCO, e.d.). Þeir sem ekki mennta sig eiga í meiri hættu á að verða atvinnulausir og fá færri tækifæri, lakari starfsmöguleika og lægri laun en ella (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005). Fyrirtæki í sérhæfðri þjónustu þurfa á vel menntuðu og færri fólki að halda til að vera samkeppnishæf í nýja hagkerfinu (Samtök iðnaðarins, 2004).

Á undanförunum áratugum hafa breytingar á vinnumarkaði verið miklar. Hægt er að tengja þessar breytingar hnattvæðingu, nýrri tækni og hugmyndum fólks til vinnu og vinnuumhverfis. Lýðfræði þjóðarinnar hefur breyst á síðustu árum, ævilíkur fólks hafa aukist og má því búast við að eldri námsmönnum eigi eftir að fjölga (Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands, 2014). Segja má að menntun sé ævilangt félagslegt ferli þar sem einstaklingurinn öðlast hæfni og þekkingu til að njóta lífsins gæða og þess sem það býður upp á.

Árið 2010 voru sett lög um framhaldsfræðslu (lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010) en löggjöfin byggir á stefnunni Nám alla ævi þar sem horft er á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla og framhaldsfræðslu. Í stefnunni kemur fram að með endurnýjun áður nefndra laga (lög um framhaldsfræðslu nr 92/2008) og innleiðingu á viðmiðarramma (National Qualification Framework –NQF) hér á landi er verið að leitast við að samþætt menntakerfi verði hér með áherslu á nám alla ævi. Einnig er horft til óformlegrar menntunar, sem fer fram utan skólakerfisins, og meta að verðleikum þá hæfni sem einstaklingurinn tileinkar sér í lífi og starfi. Í framhaldi af þessu hefur verið unnið að nýrri menntastefnu á Íslandi í samráði við fjölda aðila innan kennarasamtaka, aðila vinnumarkaðsins og sveitarfélaga. Í þeirri stefnumótun hefur þróun menntunar innan Evrópusambandsins verið höfð að leiðarljósi (Mennta- og menningamálaráðuneytið, 2010).

Lykilhugmynd í Evrópskri menntastefnu er símenntun í menntasamfélagi. Um er að ræða samfélag þar sem fólki standa til boða ýmis tækifæri til að auka hæfni sína á lífsleiðinni. Ísland er í hópi þeirra landa í Evrópu, sem hafa unnið að því undanfarin ár að endurskoða menntakerfi sín. Réttur til náms eru mannréttindi samkvæmt samningi um viðurkenningu á menntun og hæfni að því er varðar æðra skólastig á Evrópusvæðinu. Menntun og þjálfun skipa mikilvægan sess í stefnu Evrópusambandsins um vöxt og

atvinnusköpun sem kennd er við Lissabon (Council of the European Union, 2004). Samningsaðilar Lissabons samningsins álíta að æðri menntun eigi að gegna veigamiklu hlutverki í að stuðla að friði, gagnkvæmum skilningi og umburðarlyndi og eigi að skapa gagnkvæmt trúnaðartraust meðal þjóða. Ísland er aðili að þessum samningi.

Sú sem þetta skrifar er þeirrar skoðunar að einstaklingum á að gefast kostur á að fara í nám þegar hugur stendur til og þá eiga þeir að finna fyrir hvattingu frá samfélaginu til þess að stíga það skref. Raunfærismatsleiðin er sú samfélagslega hvatning sem að mínu mati gegnir því hlutverki fyrir marga sem vilja hefja nám eftir að hafa öðlast reynslu á vinnumarkaði.

Það er mikilvægt að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir einstaklinga til framtíðar sem gagnrýna, virka og hæfa þátttakendur í jafnréttis og lýðræðissamfélagi. Skólar eru í raun einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum uppvaðandi kynslóðum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði og þjálfa gagnrýna og skapand hugsun og mæta mismunandi félagslegum og menningarlegum aðstæðum (Aðalnámskrá framhaldskóla, 2011). Sú menntastefna sem birtist í aðalnámskrá framhaldsskólanna skiptir almennt menntun í sex grunnþætti og byggir námskráin á þeim. Þessir þættir eiga sér stoð til dæmis í lögum um framhaldsskóla, lögum um jafna stöðu kynjanna og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Grunnþættir menntastefnunnar eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og köpun en þeir eiga að endurspeglast í öllum starfsháttum innan skólans og samskiptum einstaklinganna innan hans. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Það þarf að styrkja nemendur í öllu skólastarfi bæði innan og utan kennslustunda til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Þetta telur höfundur að skipti máli fyrir þá einstaklinga sem hyggja á raunfærnimat því mikilvægt er að þeir geti metið styrkleika sína og gert grein fyrir þeim í töluðu og rituðu máli með rökstuðningi.

Á Íslandi hefur stefnan verið tekin á nám alla ævi eins og í flestum Evrópulöndum samkvæmt Lissabonsáttmálanum. Menntastefnan frá 2010 sem birtist í aðalnámskrá er leiðarvísir um hvernig Íslendingar hyggjast þróa menntastefnu sína í evrópsku samhengi til framtíðar. Nám alla ævi vísar til náms á öllum aldri og í ólíku samhengi, þar með talið formlegt, óformlegt og formlaust nám. Evrópusambandið hvatti til þessarar endurskoðunar bæði til þess að þróun menntunar haldist í hendur við þróun á sviði tækni og efnahagsmála og til þess að hver einstaklingur fái betur notið hæfileika sinna og standi til boða nám alla ævi. Settur var fram evrópskur viðmiðarammi (EQF) fyrir löndin öll sem hratt af stað vinnu

þeirra við gerð námsmarkmiða í formi lærdóms, eða hæfniviðmiða (e.learning outcomes). Með auknu gegnsæi sem fæst með viðmiðarammanum er námsfólki og fólki á vinnumarkaði gert auðveldara að flytja sig á milli landa og um leið eykur hann aðgang þeirra að námi alla ævi (Menntamálaráðuneytið, 2010. a). Áhersla menntastefnunnar er að námsframboði skuli þannig háttað að hægt sé að leggja stund á nám samhliða atvinnuþátttöku. Þar er einnig tekið tillit til þeirra er hafa stutta formlega skólagöngu og kjósa að leggja stund á nám sem skipulagt er á grundvelli laga um framhaldsskóla. Þessir einstaklingar eiga rétt á að raunfærni þeirra sé metin. Matið fer fram samkvæmt reglum sem ráðherra setur um raunfærnimat og tilhögun þess. Þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga þessara stendur til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf (lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010).

Leitast skal við að skipuleggja framhaldsfræðslu þannig að hún geti fallið að öðru námi og að hægt sé að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Heimilt er ráðherra að setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu framhaldsfræðslu í samræmi við hæfni- og lokamarkmið hennar (lög um framhaldsfræðslu nr 27/2010). Menntun gegnir æ mikilvægara hlutverki í samfélagi nútímans og á það ekki síst við á Íslandi, þar sem aukin menntun hefur stuðlað að framförum síðustu áratugi (Samtök atvinnulífsins, 2009).

Árið 1997 stunduðu rúmlega 71 þúsund Íslendingar nám í grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Tíu árum síðar var fjöldinn kominn upp í tæplega 87 þúsund nemendur. Í Atvinnustefnu Samtaka atvinnulífsins (SA) sem vitnað er í hér á undan kemur einnig fram að árið 2007 hafi rúmlega 180 þúsund manns verið á vinnumarkaði og hafði þá fjölgað um rúmlega 40 þúsund á 16 árum og á sama tíma fjölgaði háskólamenntuðum einstaklingum á vinnumarkaði úr rúmlega 15 þúsund í tæplega 48 þúsund. Þar segir einnig að álíka margt fólk hefur lokið grunnenntun og þeir sem hafa háskólamenntun. Með tilstyrk ríkisvaldsins höfðu SA og Alþýðusamband Íslands frumkvæði að ná því markmiði fyrir árið 2020 hafi 90% einstaklinga á vinnumarkaði lokið viðurkenndri starfs-eða framhaldsmenntun (Samtök atvinnulífsins, 2009). Ljóst er að herða verður róðurinn ef svo á að takast því tölur frá OECD (2012) segja okkur að framhaldskólamenntun er orðin almennari meðal aðildarríkjanna en að meðaltali hafa 82% á aldrinum 25-34 ára lokið framhaldsskólaprófi í ríkjum OECD. Nokkur ríki skera sig úr hvað varðar lægra menntunarstig og er Ísland eitt þeirra og í hópi landa eins og Ítalíu, Grikklands, Tyrklands, Mexíkó og Portúgals. Hlutfallið var 72% í aldursflokknum 25-34 ára á Íslandi árið 2010 (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2012). Í atvinnustefnu SA segir enn fremur að komið hafi í ljós í efnahagsþrengingum síðustu missera að atvinnuleysi bitnar harðast á þeim sem minnstu menntun hafa.

Gildi menntunar fyrir fullorðna virðist fólgið í möguleikum á hærri launum, betri störfum, meira atvinnuöryggi, betri og heilsusamlegri vinnuaðstæðum, virðingu í starfi og ábyrgð. Atvinnuástand og atvinnugrein getur þó haft þar áhrif á. Kannanir á Íslandi og erlendis hafa leitt í ljós að þeim mun lengri skólagöngu sem einstaklingar hafa að baki þeim mun líklegra er að þeir leiti sér frekari menntunar (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson 2004). Mikið framboð er af námskeiðum og tækifærum til menntunar fyrir fullorðna á Íslandi. Framhalds- og háskólar hafa verið opnir og sveigjanlegir og mikið framboð er af námskeiðum utan formlega skólakerfisins.

Miklu máli skiptir að formlegt nám njóti ekki einungis aukinnar viðurkenningar, heldur einnig þeir möguleikar sem svokallað óformlegt nám býður upp á, þ.e. námsáætlanir utan hins hefðbundna skólakerfis. Slíkar áætlanir eru oft á vegum frjálsra félagasamtaka, þar á meðal æskulýðsfélaga. Þar er boðið upp á ýmis konar efni, fjölbreyttar og sveigjanlegar kennsluaðferðir. Hægt er þar að finna leiðir til að þær milljónir barna og fullorðinna um heim allan, sem er meinað að stunda nám í hefðbundnu menntakerfi eða eru með öllu ómenntaðar, geti lært að lesa og skrifa o.s.frv. (Evrópuráðið, e.d. a). Á Íslandi er til dæmis boðið upp á ýmis námskeið á vegum Sæmundar fróða en það er símmenntun á sviði matvæla-, framleiðslu- og ferðaþjónustugreina. Sæmundur fróði er samstarfsverkefni Iðunnar fræðsluseturs og Hótel og matvælasólans í Kópavogi með það að markmiði m.a. að efla símmenntun í matvælagreinum (Iðan fræðslusetur e.d.-a). Oft hafa námskeið á vegum Sæmundar fróða verið stökkpallur fyrir verðandi matsveina sem í kjölfar námskeiða hafa farið í raunfærnimat og síðan sótt um nám á matsveinabraut í MK.

Með aukinni tækni, alþjóðasamskiptum, samkeppni, ásamt fjölbreyttari störfum og auknum kröfum í atvinnulífinu er talið mikilvægt að fólk afli sér menntunar til að bæta lífskjör sín og stuðla að framförum í þjóðfélaginu Vel menntað vinnafl er talið geta verið grunnur að velferð í samfélaginu (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000). Margar ástæður geta verið fyrir því að fullorðnir einstaklingar vilji auka við sig menntun eða fá óformlegu menntun sína metna. Oftast eru ástæðurnar tengdar því starfi sem þeir eru í eða undirbúningur fyrir nýtt starf eða starfsvettvang. Markmið með náminu er þá oftast að auka möguleikana á að komast áfram í því starfsumhverfi sem þeir starfa í (Merriam, Caffarella, Baumgarthner, 2007). Að mínu mati er það meginástæða þess að einstaklingar ákveða að fara í raunfærnimat. Óformleg reynsla þeirra er þá metin og þeim gefinn kostur á að hefja nám þar sem þeir eru staddir í þekkingarleit sinni. Verðandi matsveinar sem unnið hafa í mötuneytum í langan tíma geta nýtt færni sína til styttingar á námi fari þeir í raunfærnimatið.

Samband milli náms, vinnu og annarra athafna er margslungið og margar atferliskenningar eru til um námsferlið. Ein þeirra er kenning Klob um að nám sé ferli þar sem þekking er búin til gegnum umbreytingu á reynslu. Hann leggur áherslu á að til þess að skilja nám þurfum við að skilja eðli þekkingarinnar og öfugt. Einnig segir hann mikilvægt að gera sér grein fyrir að þekking er umbreytingarferli sem er stöðugt í mótun og nám umbreyti reynslu í bæði hlutlægu og huglægu formi (Klob 1984). Þó svo að liðin séu nokkur ár síðan Klob kom með þessa kenningu þá á hún vel við hér þegar talað er um að meta óformlega menntun sem til dæmis verðandi matsveinar hafa aflað sér með vinnu sinni í mötuneytum.

2 Hæfniviðmið

Raunfærnimat byggir á hæfniviðmiðum þar sem markmiðið er að gera hæfni sýnilega, með því að meta hana á áráðanlegan hátt þar sem aðferðarfræðin tekur mið af þörfum einstaklingsins.

Í Aðalnámskrá framhaldskóla, almenna hlutanum kemur fram að framhaldskólar skuli bjóða nemendum nám við hæfi þar sem tekið er mið af hæfni nemandans og framtíðaráformum. Lokamarkmið hvernar námsbrautar skulu endurspegla hæfni nemenda að loknu námi. Hæfniviðmið skulu vera lýsandi þannig að nemendur viti í upphafi að hverju er stefnt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011). Þar eru einnig skilgreind lykilhugtök aðalnámskrárinnar sem eru þekking, leikni og hæfni. Þar segir að hugtakið hæfni feli í sér þekkingu og leikni og sé samofið siðferðislegum gildum nemenda. Einnig segir að þekking sé safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt. Leikni er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011). Þegar meta á raunfærni einstaklinga í starfsgrein eins og matsveins er mikilvægt að skoða hæfniviðmiðin. Hæfni einstaklings væri hægt að meta út frá þeirri þekkingu og leikni sem viðkomandi hefur aflað sér með vinnu í starfsgreininni og mikilvægt er að meta hana þannig að nemandi geti byggt námið á þeirri þekkingu leikni og hæfni sem hann þegar hefur öðlast.

Hæfnihugtakið hefur á síðasta rúmum áratug verið notað í auknum mæli til að skilgreina afrakstur náms. Hæfni einstaklinga er í þessum skilningi þá meira en vitneskja, skilningur og færni, sem þeir búa yfir og vísar í að geta beitt vitneskjunni, þekkingu, skilningnum og færni í athöfnum (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2008). Þess vegna bætir hugtakið einhverju nýju við hugtök eins og vitneskja og kunnátta. Auk þess er hæfni talin fela í sér mikilvæga áhugahvöt sem ekki á alltaf við um kunnáttu eða færni. Þegar meta á raunfærni einstaklings er nauðsynlegt að viðkomandi geti sýnt eða dregið fram þá hæfni sem hann býr yfir og hefur öðlast með starfi sínu í atvinnulífinu.

Hæfniviðmið er sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggist á. Grundvallaratriði varðandi hæfniviðmið er að þau séu þannig gerð að hægt sé að leggja mat á hvort nemendur hafi náð tókum á hæfninni sem stefnt er að. Til að meta hvort nemendur hafi náð þeirri hæfni sem þeim er ætlað að ná, þarf með námsmati að vera hægt að leggja mat á hæfnina. Námsmat felst í þeim aðferðum sem notaðar eru til að leggja mat á hvort og að hvaða marki nemendur hafi náð tókum á þeirri hæfni sem þeim er ætlað að ná. Á þann hátt geta góð hæfniviðmið verið leiðbeinandi um val aðferða. Það gefur auga leið að ef hæfniviðmið reyna á fjölbreytta hæfni nemenda þarf með námsmati að vera hægt að

leggja mat á slíka hæfni (Kennslumiðstöð Háskóli Íslands e.d.). Þar kemur einnig fram að ef vel á að vera þarf að vera góð samsvörun á milli hæfnivímiða, verkefna nemenda og námsmats. Því hafa námsmatskerfi áhrif á einstaklinga á öllum sviðum lífsins þar sem þau hafa ólík hlutverk eins og að raða fólki í hópa eða flokka fólk. Því hefur námsmatshugtakið fengið víðari merkingu með auknum áherslum á raunfærnimat. Þetta er það sem Biggs og Tang (2007) kalla samhæft námsskipulag (e. constructive alignment). Í Aðalnámskrá framhaldsskóla almenna hlutan kemur fram í kafla 2.2;

Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita og hvað þeir geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011:17).

Hæfni felur einig í sér greiningu einstaklingsins á eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja. Hæfni til að greina byggist á gagnrýnni hugsun og faglegri ígrundun. Einnig kemur fram í Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla, almenna hlutanum frá 2011 að:

hæfni nemenda felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu sína og leikni í samræmi við aðstæður hverju sinni. Nemendur þurfa einnig að búa yfir hæfni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, leikni og hæfni þegar skóla lýkur. Í því ferli skiptir námshæfni, upplýsingalæsi, skapandi hugsun og hagnýting þekkingar lykilmáli Hæfni felur því ekki einungis í sér að hafa öðlast þekkingu á einhverju, heldur einnig að kunna að beita henni (leikni/færni) og nýta sér viðhorfin (dómgreind) til að geta beitt þekkingunni við ólíkar aðstæður (28)

Segja má að hæfni vísi til afraksturs menntunnar, þ.e. hverju hún skilar í stað þess að vera aðeins þekking þekkingarinnar vegna (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2014-a).

Miklar umræður og áhugi hafa verið á því hverskonar hæfni og menntun nemendur þurfi að tileinka sér á 21. öldinni. Þátttaka í atvinnulífi og samfélagi 21. aldar krefst aukinnar aðlögunarhæfni og sífelldrar endurnýjunnar þekkingar í takt við þá öru þróun sem á sér stað í heiminum (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2014-a). Áhugavert er að skoða hugmyndir sem upp hafa komið varðandi færni og hæfni þætti 21. aldarinnar. Rannsóknir frá Bandaríkjunum og Bretlandi sýna að brautskráðir nemendur jafnvel úr háskólanámi

skortir ákveðna hæfni og grunnfærni til að takast á við áskoranir vinnumarkaðarins við lok námstíma (Casner-Lotto, Barrington 2006 og Yorke, 2006). Andspænis því vaknar spurningin hvort kennsluaðferðir dagsins í dag séu í takt við þá öru þróun sem á sér stað í heiminum. Ein helsta ástæða þess að nemendur hefja nám er að námið er leið til að efla eigin þekkingu og hæfni til að auka þannig möguleika þeirra á vinnumarkaði. Til þess að unnt sé að þróa menntakerfið, efla hæfni nemenda og hvetja þá til árangurs er nauðsynlegt að endurskipuleggja námsaðferðir, námsaðstöðu, meta þróunarleiðir sem farnar hafa verið og finna nýjar leiðir til námsmats. Nám og námsmat þarf að taka breytingum frá því prófmiðaða kerfi sem tíðkast hefur. Nemandi þarf að vera virkur í námsferlinu og kennsluaðferðir með þeim hætti að þær efli færni hans og hæfni til að takast á við raunveruleg verkefni. (Trilling og Fadell 2009). Því má álykta að það nám sem verðandi matsveinn stundar með þáttöku sinni í atvinnulífínu eykur þekkingu hans og leikni í faginu og raunfænimat ætti að byggjast á því að meta þá hæfni.

3 Brottfallsnemendur

Helsti styrkleiki íslensks menntakerfis hefur verið hversu opið og sveigjanlegt það er. Stefna stjórnvalda er að hægt sé að stunda nám alla ævi, með námi án aðgreiningar og auðveldri endurkomu í framhaldsskólana. Það er einstakt í evrópsku samhengi hversu auðveldlega nemendur á aldrinum 25-35 ára geta hafið nám að nýju (Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013; OECD, 2012). Gestur og Hulda Karen (2013) benda einnig á að framhaldskólanemendur á aldrinum 25-29 ára eru hlutfallslega flestir á Íslandi af OECD löndunum. Langflestir af þeim ljúka starfsnámi eða starfstengdu námi. Þá má taka fram að verðandi nemendur á starfs og iðnmenntunnarbrautum hafa möguleika á að fara í raunfærnimat áður en þeir hefja nám í greinunum og þar með fá starfsreynslu sína og fyrra nám metið í það nám sem þeir hyggjast stunda. Nemendur sem ljúka stúdentsprófi 25 ára og eldri eru 6-9% nemenda á Íslandi. Mikilvægt er að hafa í huga að allt að helmingur þeirra sem eru taldir vera brotthvarfsnemar við 24 ára aldur lýkur framhaldsskóla eftir 25 ára aldur. Hægt er að skýra brotthvarf í ríkjum OECD á marga vegu, forsendur til útreiknings eru ekki alltaf þær sömu og þess vegna getur verið erfitt að bera lönd saman. Skipan skólamála er mismunandi milli landa og skil á milli grunn- og framhaldsskóla einnig. Því er vert að hafa það í huga þegar við berum okkur saman við önnur lönd. Þó leynd ólíkar skilgreiningar ekki þeirri staðreynd að brotthvarf er mikið hér á landi og í skýrslu OECD frá 2011 kemur fram að aðeins um 45% nemenda sem innritast í framhaldsskóla útskrifast með einhverja prófgráðu eftir fjögurra ára nám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir sem sýnt hafa að brotthvarf nemendur eiga erfitt með að fóta sig í framhaldsskólunum og að brotthvarf mælist um 40% (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þá byrjar brotthvarf úr námi fyrr hér en annarstaðar (Gerður G Óskarsdóttir, 1995). Brotthvarf nemenda úr námi tengist jafnframt gengi þeirra í grunnskóla. Nemandi sem var með hærri einkunnir í grunnskóla er líklegri til þess að ljúka framhaldsskóla en sá sem var með lágar einkunnir.

Þegar skoðaðar eru tölur um brotthvarf og hlutfall þeirra sem eru á vinnumarkaði og hafa litla menntun kemur í ljós að Íslendingar eru ekki vel menntuð þjóð. Sérstaða Íslands er þó sú að yfirleitt er næga vinnu að fá sem hefur áhrif á að ungt fólk frestar námi og fer út á vinnumarkaðinn með litla formlega menntun. Það þarf þó ekki að þýða að þjóðin sé illa menntuð heldur að menntunin sé fremur óformleg en formleg og menntunarstig sem fæst með atvinnuþátttöku sé í raun vanmetið. Í þessu samhengi má ekki vanmeta þá færniuppbyggingu sem fram fer í starfi og hér getur raunfærnimat verið leið til að leggja mat á þá hæfni sem einstaklingur öðlast úti í atvinnulífinu og meta inn í formlegt skólakerfi.

Flestir framhaldsskólanemendur hér á landi fara í bóknám og er þátttaka í starfsnámi því mjög lítil þegar kemur að samanburði við nágrannaríki okkar. Brotthvarfstölur úr starfsnámi eru einnig hærrí hér en í nágrannaríkjum okkar. Rannsóknir hafa að samaskapi sýnt að þeir sem aðhyllast verklegt nám í grunnskóla séu líklegri til þess að hætta í námi í framhaldsskóla en þeir sem eru hallari undir bóknám (Kristjana Stella Blönda, og Jón Torfi Jónasson, 2002). Það er því líklegt að raunfærnimat gæti nýst þessum hóp fólks vel hyggi það á frekari nám eftir veru á vinnumarkaði. Mögulegt er að við matið öðlist það sjálfstraust sem hvetur það til að hefja nám í framhaldsskóla á ný.

Ástæður brottfalls geta verið mismunandi en vert er að geta þess að í rannsókn Rumbergers (1987) komu fram að karlmenn nefna frekar skólatengda þætti sem ástæðu brotthvarfs frá námi og nefna að þeir rekist illa í skólaumhverfinu og líði ekki vel. Þeir nefna líka fjárhagslegar ástæður. Konur hinsvegar nefna að ástæða brotthvarfs sé frekar persónuleg. Þó greinin sé frekar gömul þá eru niðurstöður Rumbergers í takt við niðurstöður Kristjónu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2002) en í rannsókn þeirra kom fram að brotthvarfs nemendur segja námið frekar tilgangslaust og vilji heldur fara og vinna enda krefjist störfín sem þeir sækja í ekki sérstakrar menntunnar eða sérhæfingar. Í þessari sömu rannsókn Jóns Torfa og Kristjónu Stellu er önnur niðurstaða sem vekur athygli en hún er sú að eftir því sem nemendur voru með hærrí einkunnir í grunnskóla þeim mun meiri líkur voru á að viðkomandi lyki framhaldsskóla. Þeir sem lægstu einkunnir höfðu tilheyrðu þeim hópi er hvarf frekar frá námi eða hófu ekki nám. Þetta er umhugsunarverð niðurstaða í ljósi þess að þeir sem voru meira fyrir verklegt nám í grunnskóla voru líklegri til að hætta námi í framhaldsskóla á meðan þeim sem aðhylltust bóknám luku frekar námi.

3.1 Nám alla ævi

Með Lissabon-yfirlýsingunni árið 2000 samþykktu leiðtogar ESB að stefnt yrði að því að Evrópa væri orðin samkeppnishæfasta og þróaðasta þekkingarþjóðfélag heims árið 2010. Umbætur í menntamálum hafa orðið í kjölfarið í mörgum löndum og er Ísland ásamt öðrum EFTA ríkjum þátttakandi í því verkefni (Council of the European Union, 2004). Til viðbótar þessu hefur Norræna ráðherranefndin lagt mikla vinnu í að safna upplýsingum um atvinnulíf Norðurlandabúa og skoðað þau tækifæri sem þar finnast til að koma til móts við færniparfir framtíðarinnar (Nordvux, 2007; Sigrún Kristín Magnúsdóttir, 2005a; 2005b).

Örar breytingar á þjóðfélagsháttum kalla á breytingar innan menntakerfisins, því er mikilvægt að einstaklingar hafi tækifæri til að eiga val um menntun. Mikilvægt er að stefna stjórnvalda í menntamálum taki mið af námi alla ævi þar sem horft er á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla og framhaldsfræðslu. Áhersla á óformlega menntun

einstaklingsins sem fram fer utan skólakerfisins ætti að meta að verðleikum og þá hæfni sem einstaklingur tileinkar sér í lífi og starfi.

Lögin um framhaldsfræðslu sem mörkuðu heildarendurskoðun lagaumhverfis íslenska menntakerfisins (Alþingi 2010). er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Fyrst og fremst er um að ræða fólk sem horfið hefur frá námi út á vinnumarkaðinn án þess að hafa lokið skilgreindu námi á framhaldsskólastigi. Meðal markmiða um framhaldsfræðslu er að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og veita þeim aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Komið hefur fram í rannsóknum um gildi menntunar fyrir fullorðið fólk að því finnst skipta máli að vera eitthvað (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004). Þá má spyrja sig hvort mikill samfélagsþrýstingur sé að hafa einhvern titil eða starfsheiti, þar sem ein af fyrstu spurningum í samræðum við ókunnuga er gjarnan hvað viðkomandi gerir eða starfar. Merriam o.fl. (2007) nefna að þeir þættir sem áhrif hafa á að fullorðið fólk setjist á skólabekk á nýjan leik séu í flestum tilfellum starfstengdir, þar sem markmiðið er að auka færnei í núverandi starfsumhverfi. Þetta má heimfæra upp á þá sem vilja láta meta raunfærni sína og sækja um raunfærnimat og starfsréttindi í kjölfarið, því þeir hafa yfirleitt starfað lengi í þeirri grein sem meta á.

Með setningu áðurnefndra laga var skapaður lögformlegur rammi um fræðslu þeirra sem litla formlega menntun hafa hér á landi. Einnig eru lögin formleg staðfesting á tilvist framhaldsfræðslu í landinu. Þar er meðal annars að finna skilgreiningu á því hvað raunfærnimat er, hverjir eiga rétt á því, og um rétt til einstaklingsmiðaðrar náms- og starfsráðgjafar. Markmið laganna er að auka tækifæri fólks með stutta formlega skólagöngu til atvinnuþátttöku með viðeigandi námstækifærum til færniuppbyggingar og mæta þannig kröfum atvinnulífsins (Alþingi 2010). Einnig kemur fram að afla eigi viðurkenningu á gildi náms sem fellur utan formlegs skólakerfis með raunfærnimati.

Í reglugerð um framhaldsfræðslu frá nóvember 2011 segir: „Niðurstöður raunfærnimats eru skráðar í gagnagrunn á vegum stjórnvalda. Með þeirri skráningu er óformlegt nám og starfsreynsla metið til jafns við formlegt nám" (reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011). Í sömu reglugerð um framhaldsfræðslu 3. kafla 12.gr segir að raunfærnimat sé einkum ætlað fólki sem hefur verið á vinnumarkaði í a.m.k. þrjú ár og hafi náð tuttugu og þriggja ára aldri. Matið á að fara fram hjá viðurkenndum matsaðila. Matsaðilar þurfa að afla sér fullnægjandi þjálfunnar í mati á raunfærni. Fræðsluaðilar sem annast raunfærnimat skulu koma á sérstökum stýrihópi sérfróðra aðila fyrir hverja starfsgrein með þátttöku náms- og starfsráðgjafa, fagkennara og fagaðila úr atvinnulífinu (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011). Með áðurnefndum lögum um

framhaldsfræðslu er því skapaður grundvöllur fyrir einstaklinga með litla formlega menntun sem kjósa að formgera hæfni sína úr atvinnulífinu með því að raunfærnimeta þá þekkingu og leikni sem þeir hafa öðlast. Örar breytingar í þjóðfélaginu kalla á þróun menntakerfisins. Nám alla ævi er hluti af því að hlúa að sjálfum sér. Því er mikilvægt að einstaklingum gefist tækifæri til að njóta hæfileika sinna og standi til boða að fara í nám þegar hugur stendur til þess.

4 Hvað er raunfærni

Raunfærni og raunfærnimat eru hugtök sem Fræðslumiðstöð atvinnu-lífsins (FA) hefur haft brautargengi um að kynna til sögunnar hér landi. Hugmyndin um raunfærnimat hefur meðal annars náð að festa sig í sessi hjá þeim aðilum sem starfa að fullorðinsfræðslu á Íslandi (Hróbjartur Árnason, 2008:17-25). Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að ólík merking er oft lögð í hugtakið raunfærnimat (Björnåvold, 2000). Nganasurian (1999) gerir til dæmis greinarmun á raunfærnimati sem snýr annars vegar að mati á fyrra námi og hins vegar að raunfærnimati á hæfni þegar sótt er um framhaldsnám. Hann gerir þannig greinamun á því að fá aðgang (e. access) að námi og að fá fyrra nám metið til styttingar (e. credit). Raunfærnimat getur annað hvort opnað leið að námi sem viðkomandi hafði ekki aðgang að áður eða stýtt námstíma þar sem fyrra nám er metið sem hluti af framhaldsnámi.

Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, svo sem í gegnum starfsreynslu, starfsnám, frístundanám, skólanám, félagsstörf og fjölskyldulíf. Í umræðunni um raunfærni er oft stuðst við skilgreiningar sem vísa til þess hvernig raunfærni hefur verið aflað. Formlegt nám vísar þannig í færni sem aflað er í formlegu skólakerfi og viðurkennd með útskrift eða prófskírteinum frá formlegum skólayfirvöldum. Óformlegt nám vísar í færni sem aflað er í námi utan skólakerfis, til dæmis hjá símenntunarmiðstöðvum, námsflokkum eða með námskeiðum á vinnustað (Fordham, 1993). Þessi færni er oft staðfest með skírteini eða viðurkenningu á þátttöku. Formlaust nám vísar í færni sem einstaklingurinn hefur öðlast í gegnum daglegar athafnir tengdar starfi, fjölskyldu eða frítíma. Færni sem einstaklingurinn býr yfir en hefur hvorki skírteini né aðra staðfestingu á að hann hafi tileinkað sér. Raunfærnimatið er gert til þess að komast að raunverulegri færni einstaklingsins og koma þannig í veg fyrir að hann þurfi að sækja nám í efni sem hann þegar kann, hvort sem er vegna tilstuðlan formlegs, óformlegs eða formlaus náms. Þesskonar viðurkennig getur stuðlað að aukinni þátttöku í símenntun og í því felst sparnaður á bæði tíma og fé fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við alls konar aðstæður og í alls konar samhengi. Samkvæmt þessari hugmyndafræði er allt nám álitid verðmætt og því mikilvægt að það sé skjalfest óháð því hvar eða hvernig þess hefur verið aflað (Fjóra María Lárusdóttir. 2007:70-71). Ástæður þess eru samfélagslegar, svo sem. mikilvægi mannauðsins í samfélaginu, möguleiki á auknum hagvexti með hækkun þekkingarstigsins, aukið jafnrétti og jafnari staða til þátttöku í þekkingarsamfélaginu.

Á undanförunum árum hefur raunfærnimat fengið aukna athygli í evrópsku samhengi. Í evrópskum reglum um raunfærni er lögð áhersla á rétt þeirra sem fer í raunfærnimat (Haukur Harðarson, 2009:82-84). Einnig má segja að evrópska áherslan sé samfélagsleg, þar

sem áherslan er á mikilvægi mannauðs í samfélaginu, möguleika á auknum hagvexti með hækkun þekkingarstig, meira jafnrétti og jafnari stöðu til þátttöku í þekkingarsamfélaginu (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a).

Með mati á raunfærni fær fullorðið fólk á vinnumarkaði frekari möguleika á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína. Þar sem helsti ávinningurinn er að fá ný tækifæri til að styrkja sig í námi og starfi. Einn liður í því að auka aðgengi fullorðinna með litla formlega menntun að frekara námi er meta þá þekkingu sem þeir búa yfir, þá geta þeir haldið áfram námi þar sem þeir eru staddir í þekkingu og færni en ekki þar sem formlegu námi lauk. Því má segja að mat á raunfærni er að breyta óformlegri færni og þekkingu sem einstaklingur hefur aflað og þróað með sér í gegnum tíðina yfir í formlega færni. Því getur mat á raunfærni verið hvati fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði í hinum ýmsu starfsgreinum, til að ljúka formlegu námi. Þar með styrkist staða þess, fagstéttanna, fyrirtækjanna og þjóðarinnar almennt hvað varðar þekkingarstig og framþróun (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a).

Skráning á raunfærni er grundvöllur raunfærnimats. Einstaklingur skráir raunfærni sína undir handleiðslu ráðgjafa þannig að hann beri kennsl á styrkleika sína, taki ákvörðun um hvert skuli stefna og eigi yfirlit yfir raunfærni sína. Skráningin getur verið markmið í sjálfu sér til að auka yfirsýn en hana er einnig hægt að nota síðar til að bera saman við ákveðin færni viðmið, til dæmis færni viðmið áfanga í formlega skólakerfinu. Raunfærnimat byggist á því að mögulegt sé að draga fram og lýsa raunfærni sem er fyrir hendi og skilgreina, meta og viðurkenna hana. Raunfærnimat til styttingar á námi miðar að því að meta raunfærni sem jafngilda námsáfanga eða hluta af námsáfanga og skipuleggja nám einstaklingsins með tilliti til raunfærni hans. (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a). Skráning raunfærni fer því fram í gegnum raunfærnimat sem unnið er eftir tilteknum ferlum sem tryggja jafnræði og samræmi (réttmæti og áræðanleika) matsins.

4.1 Raunfærnimat

Þó svo að raunfærnimat sé frekar ungt fyrirbrigði á Íslandi þá á það sér sögulegar rætur allt til ársins 1970 í Bandaríkjunum. Tilkoma þess þar var meðal annars að auka félagslegt réttlæti og opna einstaklingum sem ekki höfðu lokið framhaldsskólanámi dyr að formlegu námi þar sem reynsla þeirra og störf voru metin. Rannsókn var gerð í kjölfar þessarar ákvarðana í Princeton háskóla í New Jersey, sem sýndi að þeir einstaklingar sem hófu nám á þessum forsendum sýndu ekki síðri árangur en aðrir háskólastúdentar enda höfðu þátttakendur fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu (Anderson, Sjösten, og Ahn, 2003). Hugmyndafræðin á bak við þessar áherslur á raunfærnimat kom fram sem aðferð til að auka félagslegt jafnrétti og sem leið til að brjóta niður múra milli háskólanna og samfélagsins

utan þeirra. Auk þessa hafði vaknað áhugi á því að skoða nánar hvort ekki mætti nota mat á reynslu og hæfni einstaklingsins sem viðmið við inntöku í háskólanám. Það má því segja að krafan hafi komið frá hinum fullorðnu sem vildu ljúka ferli sem þeir ekki náðu að ljúka með fyrra skólanámi í stað formlegs prófs gætu þessir nemendur útskrifast með ítarlega umsögn um hæfni sína. Þannig gæti verðandi nemandi hafið nám og byggt ofan á þekkingu sem hann hefur aflað með formlegu og óformlegu námi og þar með greint stöðu sína miðað við almennt námsviðmið. Breytingar á starfsferli skipta einnig miklu máli þegar kemur að ákvörðum um að hefja nám að nýju (Challis 1993). Raunfærnimat getur nýst vel þegar sækja á um nám vegna mögulegra starfsferils breytinga. Raunfærnimati er einnig ætlað að koma til móts við þann hóp einstaklinga sem hvarf frá námi í framhaldsskóla en hefur öðlast færni í gegnum óformlegt nám á vinnustað eða á öðrum vettvangi. Allt nám skal metið að verðleikum óháð því með hvað hætti það hefur farið fram. Raunfærnimat er í flestum tilfellum framkvæmt til styttingar á námi og hefur matið auðveldað aðkomu þessa hóps að framhaldsskólunum á nýjan leik (Auður Sigurðardóttir, 2010:9). Holland Nýja Sjáland og Ástralía hafa verið leiðandi lönd í því að koma á raunfærnimati en aðferðarfræðin hefur náð góðri fótfestu í mörgum löndum Evrópu.

Frá árinu 2002 hefur verið unnið að þróun raunfærnimats á Íslandi. Allan þann tíma hefur atvinnulífið haft beina aðkomu að þróuninni og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) sem er í eigu aðila á vinnumarkaði hefur fyrir hönd Mennta og menningarmálaráðuneytisins verið falið að halda utan um þróunarvinnu og innleiðingu matsins. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2014-b). Raunfærnimat á Íslandi er mat á hæfni og kunnáttu til mótvægis við formlega menntun eða færnikröfur starfa og er ætlað að vera úrræði fyrir þá sem að ekki hafa lokið framhaldsmenntun. Það skoðast sem einn liður í símenntun eða ævimenntun (e. lifelong learning) en það eru orð sem notuð eru yfir framhaldsfræðsluna á Íslandi sem er það kerfi fullorðinsfræðslu sem hefur þróast hjá símenntunarmiðstöðvunum í landinu og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (Jón Torfi Jónasson, 2004; Stefán Stefánsson, 2011).

Raunfærnimat á Íslandi hefur fyrst og fremst verið sniðið að þörfum fullorðinna og á það bæði við um menntastofnannir og atvinnulífið. Með mati á raunfærni fær fullorðið fólk á vinnumarkaði aukna möguleika á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína. Raunfærnimatið er til að komast að raunverulegri færni einstaklingsins og koma í veg fyrir að hann sæki nám í efni sem hann þegar kann. Ef að einstaklingur býr yfir raunfærni jafngildri eða sambærilegri og þeirri sem fæst með náminu þá styttest námið sem því nemur. Það að fá raunfærni sína metna getur styrkt stöðu einstaklingsins og ef viðkomandi er í

vinnu gefur það vinnuveitanda gleggri sýn á raunfærni viðkomandi sem gæti leitt til þess að hann fengi framgang í starfi (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins e.d.-a).

Raunfærnimat gerir einstaklingum sem hafa af einhverjum ástæðum ekki lokið formlegu námi en starfað við matreiðslu svo dæmi sé tekið, í ákveðinn tíma kleift að ná sér í starfsréttindi. Það er hægt með því að lýsa og meta færni einstaklingsins út frá skilgreindum þáttum og útbúa færnilýsingar í stað þess að telja hversu mörg ár viðkomandi hefur setið á skólabekk. Rannsóknir sýna að þeir nemendur sem farið hafa raunfærnimats leiðina í námi, sýna oft betri námsárangur en aðrir nemendur. Í Bandaríkjunum fer raunfærnimat vaxandi í framhalds- og háskólum sem gæti nýst sem góður grunnur til víðtækra rannsókna í náinni framtíð (Sólveig R. Kristinsdóttir, 2013). Færnilýsingin verður að vera þannig að sem flestir geti sæst á hana, matstaki og þeir sem meta viðkomandi. Það getur vissulega verið átak fyrir einstaklinga að stíga skrefið við að taka þátt í raunfærnimati. Ástæður þess að viðkomandi hefur ekki formlegt skírteini upp á færni sína geta verið margar. Leiða má líkum að því að brottfallsnemendur eru stór hluti þeirra einstaklinga sem sækja um að komast í raunfærnimat, því markhópurinn á Íslandi eru einstaklingar sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi, hafa stundað vinnu við fagið í að minnstakosti þrjú ár og eru 25 ára eða eldri. (Iðan fræðslusetur e.d.-b)

Þar sem raunfærnimat er staðfesting og mat á raunverulegri færni einstaklingsins án tillits til hvernig og hvar færinnar var aflað og þar með viðurkenning á því sem viðkomandi kann má ekki líta á það sem gjaldfellingu náms á nokkurn hátt. Það að einstaklingur þurfi ekki að sækja formlegt nám í því efni sem hann þegar kann er viðurkenning. Sú viðurkenning sem raunfærnimatið er getur stuðlað að aukinni þátttöku í símenntun, sem og sparnaði á tíma og fé fyrir einstaklinginn og samfélagið. Í grein Hauks Harðarsonar frá 2009 sem vitnað er í hér að ofan kemur fram að kostnaður af raunfærnimati er um 1/3 af því sem skólaganga kostar. Þá er verið að miða við verklegar greinar, en búast má við að heldur dragi saman með skólagöngu og raunfærnimati er kemur að bóklegum greinum (Haukur Harðarson, 2009:82-84). Raunfærnimat miðar að því að skrá og fá staðfesta færni til þess að einstaklingurinn fái framgang í starfi eða finni starf við hæfi. Færni einstaklingsins er borin saman við færni viðmið viðkomandi starfa og metin á móti þeim (Fræðalumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a).

Árið 2007 gerðu Iðan fræðslusetur og FA með sér samning um framkvæmd raunfærnimats í iðngreinum. Hlaut verkefnið vinnuheitið „Bættu um betur“ Markmiðið var að hvetja einstaklinga til að efla sjálfa sig og stöðu sína á vinnumarkaði. Í upphafi var raunfærnimat framkvæmt á vinnustaðabætti í tólf iðngreinum (Hildur Elín Vignir, 2009:85). Matartæknar bættust svo seinna í hóp þeirra er gátu sótt sér raunfærnimat en

matartæknar starfa á heilbrigðissviði við eldun á sjúkrastofnunum. Í janúar síðastliðnum var matsveinum bætt í hóp raunfærnitaka.

Evrópusambandið hefur þróað leiðbeiningar um mat á raunfærni í því skyni að efla gæði raunfærnimats í Evrópulöndum. Í evrópsku leiðbeiningunum er lögð áhersla á að sameiginleg reglugerð um mat á raunfærni verði studd á kerfisbundinn hátt með eftirliti og mati á öllum aðgerðum á öllum stigum. Evrópska heimildarskráin (European Inventory) um fullgildingu starfsnáms og óformlegrar menntunnar sem kynnt var í yfirlýsingu um símenntun (Communication on lifelong learning) árið 2001 gegnir lykilhlutverki í þessu sambandi. Tilgangur með Evrópsku heimildaskránni er að styðja við kerfisbundna miðlun reynslu og styrkja gagnkvæmt nám. Evrópska heimildarskráin leggur til stuðning við þátttökuaðila og gerir það mögulegt að þróa vottaðar aðferðir við mat á raunfærni (Evrópskar leiðbeiningar um mat á raunfærni e.d.). Eindregið er mælt með því að ábyrgðarmenn raunfærnimats kynni sér þær áður en kemur til raunfærnimats (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a). Leiðbeiningarnar eru settar fram í sex meginatriðum. Í fyrsta lagi er bent á að tilgangur raunfærnimatsins sé að draga fram og meta fjölbreytilega raunfærni sem einstaklingurinn býr yfir. Í upphafi matsins (2) er mikilvægt að tilgangurinn sé skýr til dæmis um hvort ætlunin sé að meta raunfærni í því skyni að stytta nám í tengslum við atvinnulífið eða að draga fram raunfærni til þess að öðlast yfirsýn. Í þriðja lagi (3) er horft til rétt einstaklingsins sem þarf að vera í brennidepli og þarf því að miða raunfærnimatsferlið fyrst og fremst við þarfir hans. Mikilvægustu atriðin eru trúnaður, eignaréttur á niðurstöðu og réttur einstaklingsins til að áfrýja niðurstöðu. Áður en að matinu kemur verður að upplýsa einstaklinginn um rétt hans. Í fjórða lagi (4) er bent á ábyrgð stofnana og hagsmunaaðila en hún felst m.a. í því að veita einstaklingnum aðgang að viðeigandi ráðgjöf og stuðningi í ferlinu, gæta trúnaðar og sjá til þess að niðurstöður séu lögmætar. Það er bent á að trúnaður og traust sé grundvallarforsenda fyrir framkvæmd raunfærnimats. Allir sem að því koma þurfa að vera vel upplýstir. Færni viðmið þurfa að vera skýr og vel skilgreind sem og upplýsingar um hvernig matið fer fram og hvernig er komist að niðurstöðu. Tilgangurinn verður að vera ljós og hvað verður um niðurstöðurnar. (5) Allar upplýsingar verða að vera skýrar og aðgengilegar m.a. varðandi kostnað, ráðgjöf, tíma og stuðning í ferlinu. Hlutleysi þeirra sem að matinu koma er afar mikilvæg forsenda raunfærnimats og því þurfa hlutverk og ábyrgð hvers og eins að vera skýr. Hlutleysi þeirra sem að matinu koma má styrkja með þjálfun og myndun tengslaneta og þarf framkvæmdaraðili að ýta undir það. Að lokum (6) er bent á að lögmæti og trúverðuleika raunfærnimatsins megi tryggja með þátttöku og skuldbindingu hagsmunaaðila í ferlinu, lögmæti byggist ekki síst á trausti og hlutleysi þeirra.

Að mínu mati og reynslu minni af að taka raunfærnimat þá skiptir það miklu máli að hafa þessar leiðbeiningar. Það hefur styrkt mig við matstökuna og einnig þegar ég vann gátlistann fyrir raunfærnimat matsveina. Mikið öryggi er fólgið í leiðbeiningunum bæði fyrir matstaka og þá sem annast matið. Hér að neðan eru þær áherslur sem hafðar eru við mat á Íslandi unnar úr Evrópsku leiðbeiningunum. Þetta er það sem verður farið eftir við raunfærnimat á verðandi matsveinum.

Samkvæmt Evrópsku leiðbeiningunum um mat á raunfærni skal áhersla lögð á að hlutverk og ábyrgð þeirra sem koma að raunfærnimati sé skýr. Æskilegt er að ráðgjafi og fagaðili fái þjálfun í aðferðafræði raunfærnimats og séu vel upplýstir um hvernig það fer fram (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a). Viðmiðin sem Evrópusambandið hefur gefið út er notað hér á landi. Þar kemur fram að (1) náms-og starfsráðgjafi sem hefur hlotið séstaka þjálfun í raunfærnimati kemur að upplýsingargjöf ferilsins. Hann leiðbeinir einstaklingnum við skráningu á raunfærni hans og fer yfir gögn. Einnig ræðir hann þætti eins og styrkleika, námsmarkmið og veitir hvatningu og stuðning. Á þessum tímapunkti er mikilvægt að vandað sé til verksins því þarna tekur einstaklingurinn loka ákvörðun um hvort að hann treystir sér til að taka raunfærnimatið. Nálægð ráðgjafans er mikilvæg í öllu ferlinu, hann gætir hagsmuna matstakans og sér til þess að Evrópsku leiðbeiningunum sé fylgt eftir. Sérfræðingur í viðkomandi fagi (2) fagaðili sem veitir upplýsingar í upphafi ferilsins. Hann er sá sem er fær um að meta færni í ákveðnum færniþáttum og er samþykktur af hagsmunaaðilum. Hann hannar gátlistann sem nota á við matið út frá settum færni viðmiðum og fer yfir raunfærnisráningu og sjálfsmat einstaklingsins. Fagaðilinn ræðir við einstaklinginn um þá raunfærni sem til greina kemur að meta og útbýr með honum matsáætlun. Eftir viðtalið og vinnuna með einstaklingnum fer fagaðili yfir gögnin og veitir einstaklingnum endurgjöf um niðurstöður matsins. Fagaðili skráir niðurstöður matsins samkvæmt kerfi fræðsluaðila eða fyrirtækis. Hann leggur áherslu á lögmæti og sanngirni í ferlinu og fylgir Evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni. Ábyrgðaraðilar og hagsmunaaðilar (3) eru fulltrúar formlega skólakerfisins eða annarra fræðsluaðila atvinnulífsins og þeirra sem hafa umboð eða ákveðið vald í málum hverju sinni. Þeir koma að verkefnum á fyrstu stigum þeirra og hafa áhrif á mótun og stjórnun. Ákveða færni viðmið sem notuð eru í samráði við fagaðila. Þeir sjá einnig um að réttur einstaklingsins sé virtur og að hann fái ráðgjöf. Þeir tryggja að mat á námi sé lögmætt og gilt í samfélaginu og leggja áherslu á gegnsæi og lögmæti ferilsins (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-a).

4.2 Ferli raunfærnimatsins

Á Íslandi hefur verið unnið að þróun raunfærnimats frá árinu 2002. Vinna við raunfærni verkefnið sjálfst hófst árið 2004. Frá upphafi hefur atvinnulífið haft beina aðkomu að þróun

Þess og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) sem er í eigu aðila vinnumarkaðarins, hefur fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins verið falið að halda utan um þróunarvinnu og innleiðingu þess (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-b, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2007). Því byggist mat á raunfærni á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur er nám stundað við fjölbreyttar aðstæður og í alls konar samhengi. Upplýsinga um aðferðir og stefnu í nágrannalöndum var aflað og ýmis tilraunaverkefni unnin í þessu skyni. Tilraunaverkefnið fólust í því að hópar einstaklinga með raunfærni á ákveðnu sviði hafa farið í raunfærnimat undir handleiðslu FA. Í þessum verkefnum hefur öflugt samstarf allra hagsmunaaðila skipt sköpum. Eins og kemur fram í Evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni er grundvallaratriði að allir hagsmunaaðilar hafi sameiginlegan skilning á skilgreiningum, markmiðum og niðurstöðum raunfærnimats ásamt þekkingu á gæðaviðmiðum ferlisins. FA mun leita leiða til að þróa aðferðir við raunfærnimat í samstarfi við hagsmunaaðila (Evrópuleiðbeiningar, e.d.)

Raunfærnimatsferlinu er lýst í fimm skrefum. Mikilvægt er að viðurkenndur ráðgjafi taki þátt í ferlinu og leiðbeini einstaklingnum við að draga fram raunfærni sína og skrá hana. Það getur verið mikil vinna fyrir einstaklinga með mikla starfsreynslu að skrá raunfærni sína í orð. Fagaðilar sjá um greiningu á stöðu og staðfestingu á raunfærni. Endanlegt mat eða viðurkenning er í höndum ýmissa hagsmunaaðila, til dæmis skóla, fræðsluaðila og fyrirtækja. Upplýsingamiðlun og endurgjöf eru afar mikilvægir þættir í öllu ferlinu, sbr. Evrópskar leiðbeiningar um mat á raunfærni (Evrópuleiðbeiningar, e.d.)

1. Upplýsingar og endurgjöf: Einstaklingur á að geta tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku og vita hvar hann stendur á öllum stigum ferilsins. Áður en kemur til raunfærnimats er mikilvægt að kynna vel markmið með matinu, hlutverk matsaðila, mögulegar niðurstöður og rétt einstaklingins í ferlinu.

2. Skráning: Þegar einstaklingur hefur tekið ákvörðun um að fara í raunfærnimat er nauðsynlegt að hann fari vel yfir og skrái alla þá raunfærni sem hann hefur öðlast í gegnum nám og störf. Safnar þar saman viðeigandi gögnum eins og meðmælum frá fyrri atvinnuveitendum, starfslýsingum, öllum viðurkenningarskjölum, skírteinum, sýnishornum og verkefnum. Mikilvægt er að gott aðgengi sé að ráðgjafa sem leiðbeinir og veitir stuðning í þessu ferli. Þegar einstaklingur skráir raunfærni sína er mikilvægt að hafa gátlista fyrir hvern áfanga eða færni viðmið sem til greina kemur að meta. Gátlisti áfanga byggist á áfangalýsingu og færni markmiðum áfangans. Einstaklingurinn metur sig út frá færni markmiðum áfangans með aðstoð fagaðila og námsgagna. Í atvinnulífinu er stuðst við færni viðmið sem skilgreind eru fyrir ákveðin störf.

3. Greining: Þegar einstaklingur hefur skráð raunfærni sína fer fram samtal þar sem staða hans er greind. Í samtalinu koma einstaklingurinn og fagaðili saman til að finna út hver raunfærni hans er í ákveðnum færniþætti. Ráðgjafi sem aðstoðaði einstaklinginn við skráningu á raunfærni getur einnig tekið þátt í samtalinu þar sem innsýn hans í styrkleika einstaklingsins og raunfærni er nokkur. Síðan fara einstaklingurinn og fagaðilinn yfir gátlistann og komast að sameiginlegri niðurstöðu:

- 1) hvort raunfærnin sé næg til þess að mat/viðurkenning eigi rétt á sér
- 2) hvort raunfærnin uppfylli viðkomandi viðmið, hluta þeirra eða ekki

Í sumum tilfellum er niðurstaðan á þessum tíma sú að einstaklingurinn uppfylli viðmið í ákveðnum færni/hærniþætti eða námsáfanga og fær í kjölfarið mat og viðurkenningu á raunfærni sinni. Þá er hægt að fara beint í 5. lið. Ef óljóst er hvort raunfærnin sé nægjanleg er látið reyna á staðfestingu á henni, liður 3. Þá þarf fyrst að komast að sameiginlegri ákvörðun um:

- 3) hvaða leiðir séu bestar fyrir einstaklinginn til að sýna fram á raunfærni sína með staðfestingu frá vinnuveitanda, ýmiskonar sýnishornum svo sem verklegum, verkefnavinnu eða með viðtali, munnlegri eða skriflegri staðfestingu
- 4) tímasetningu staðfestingar á raunfærni

Niðurstað samtalsins er eins konar matsáætlun. Það þarf að skoða hve mikinn einstaklingurinn þarf til undirbúnings og hvað geti komið að gagni við undirbúning fyrir mat á raunfærni í ákveðnum færniþætti.

5) Staðfesting: Þegar ljóst er hvað til greina kemur að meta, skal sannreyna eða staðfesta raunfærnina. Staðfesting á raunfærni fer fram samkvæmt matsáætlun, í samráði við fagaðila og ráðgjafa. Þá eru borin saman raunveruleg færni og færni viðmið. Tillit skal tekið til sérþarfa einstaklinga með því að bjóða upp á lengri tíma ef nauðsyn krefur, leggja áherslu á myndræna framsetningu, verklega staðfestingu o.s.frv., allt eftir því hvaða aðferð hentar viðkomandi til að sýna fram á raunfærni sína. Það er mikilvægt að huga að annars konar aðferðum á staðfestingu en hefðbundnum prófum og gefa einstaklingnum val. Að lokum gerir fagaðili einstaklingnum grein fyrir niðurstöðu raunfærnimatsins. Ef frammistaðan fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru (til dæmis gæti krafan verið 50% færni ef 5 er lágmarkseinkunn í námsáfanganum) fær einstaklingurinn skjalfest að hann hafi fengið ákveðinn færniþátt metinn. Ef frammistaðan er ófullnægjandi þarf að ræða hvort einstaklingurinn vill bæta við sig því sem vantar upp á (til dæmis í gegnum vinnustaðapjálfun eða nám) eða ræddur möguleiki á öðru tækifæri (farið aftur í staðfestingarferlið).

6) Mat og viðurkenning á raunfærni: Námsáfangi telst metinn þegar hann hefur verið bókaður í námsferilsskrá einstaklings sem loknum eða metnum. Mikilvægt er að mat og viðurkenning á raunfærni sé tekin gild af viðeigandi hagsmunaaðilum og að þeir séu vel upplýstir um framkvæmd raunfærnimats (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.-c).

4.3 Hver er tilgangurinn eða ávinningur raunfærnimats

Raunfærnimat getur hækkað formlegt þekkingarstig samfélagsins. Flest ríki í Evrópu gera miklar kröfur til raunfærni íbúa sinna. Það er samfélaginu öllu til góðs ef íbúarnir eru meðvitaðir um raunfærni sína og finna hjá sér þörf til að þroska og bæta við hana. Með því að viðurkenna raunfærni er verið að hvetja fólk til áframhaldandi uppbyggingar færni sinnar og menntunar. Þannig er komið í veg fyrir að þeir sem hafa verið lengi á vinnumarkaði þurfi að fara á byrjunarreit í námi og læra það sem þeir hafa þegar náð tökum á með reynslu sinni. Það er dýrt fyrir samfélagið að mennta ekki fólk. Því er mat á raunfærni einstaklinga sem hyggja á frekari þekkingarleit í formlegu námi góð lausn og hagkvæm fyrir samfélagi.

Í hinum síbreytilega heimi hraða og hnattvæðingar eru gerðar kröfur til einstaklinga um að auka hæfni sína. Helsti ávinningur einstaklinga sem kjósa að fá raunfærni sína metna er að fá ný tækifæri til að styrkja sig í námi og starfi. Með því að fá viðurkenningu á færni sinni geta þeir haldið áfram námi þar sem þeir eru staddir í þekkingu, en ekki þar sem formlegu námi lauk. Mat á raunfærni getur verið hvati fyrir fullorðin fólk á vinnumarkaði, í hinum ýmsu starfsgreinum, til að ljúka formlegu námi. Þar með styrkist staða þess, fagstéttanna, fyrirtækjanna og þjóðarinnar almennt hvað varðar þekkingarstig og framþróun.

Raunfærnimat hefur verið framkvæmt í öllum iðngreinum matvælasviðs og gefið góða raun. Óformleg könnun á gildi raunfærnimats fyrir einstaklinga sem stefndu á nám í matreiðslu sem höfundur gerði og nánar verður komið inn á í kafla 4.1 bendir til að svo sé. Einnig gerði lðan fræðslusetur óformlega könnun með Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins þar sem hringt var í þá sem lokið höfðu raunfærnimati á þeirra vegum og spurt hver staðan væri í dag. Niðurstaðan var að 73% höfðu hafið nám að nýju og 59 lokið sveinsprófi. (Haukur Harðarson, 2009:82-84) Einn þeirra aðila sem hringt var í sagði að sín upplifun á raunfærnimatinu hefði verið sú að einungis hafi verið um samtal á jafnigjagrundvelli að ræða svo vel leið honum í matinu. Í spurningarkönnuninni sem höfundur þessara skrifa sendi út kom fram mikil ánægja með matið í flestum tilfellum, hjá fjórum af fimm, og lýstu matstakar jákvæðri upplifun af matinu. Gaman er að geta þess að í könnuninni kom fram að allir hefðu nemarnir staðið sig með þryði í náminu og einn þeirra var kosinn nemi ársins og hlaut hæstu einkunn á sveinsprófi.

Ávinningur raunfærnimats er í flestum tilfellum mikill fyrir einstaklinginn, fyrirtækin og fræðsluaðila. Einstaklingurinn fær leiðsögn við að draga fram og skrá raunfærni sína. Þannig


verður til yfirlit sem getur nýst á marga vegu, allt eftir því hvert markmið hans er. Raunfærnimat miðar að því að athuga hvort einstaklingurinn býr yfir raunfærni sambærilegri eða jafngildri þeirri sem fæst með náminu. Sé svo styttest námið en það sparar einstaklingnum bæði tíma og kostnað. Fyrir einstaklinginn getur mat á raunfærni aukið framgang hans í starfi og styrkt stöðu hans. Það gefur einnig vinnuveitanda betri sýn á færni einstaklingsins sem getur leitt til þess að einstaklingurinn fær ný viðfangsefni eða aukna ábyrgð sem er þá byggð á raunverulegri færni hans. Það að hafa í höndum ítarlegt yfirlit á raunfærni getur komið sér vel þegar velja á námsleið eða sækja um starf. Einmitt þá er mikilvægt að taka vel ígrundaða ákvörðun (Fræðalumiðstöð atvinnulífsins, e.d.–a) Starfsmenn eru yfirleitt taldir mikilvægasta auðlind fyrirtækis. Þekking á samanlagðri raunfærni þeirra gerir fyrirtækinu kleift að beina kröftum þeirra á þann veg sem kemur báðum vel. Þegar raunfærni starfsmanna er dregin fram getur fyrirtækið fengið réttan mann á réttan stað. Lagað nám að þörfum starfsmanna og sýnt fram á alla þá færni sem býr í fyrirtækinu ásamt því að auka starfsánægju með því að fela starfsmönnum verkefni sem betur henta raunfærni þeirra. Með þessum aðgerðum leggur fyrirtækið sitt af mörkum til þess að sókn í meiri og betri færni verði eðlilegur þáttur menningar fyrirtækisins og sjálfsagður liður í góðu vinnuumhverfi. Fræðsluaðili, hvort heldur er innan eða utan formlega skólakerfisins, nær betur til fullorðins fólks ef hann metur raunfærni til styttingar á námi. Mat og viðurkenning á raunfærni getur gert skólann eða námstilboðið áhugaverðara í augum fullorðinna námsmanna og fjölgað fullorðnum námsmönnum með starfsreynslu og hvatt þá til dáða með viðurkenningu á raunfærni. Þau geta einnig aðstoðað skólann við að þróa og aðlaga námstilboð sín að þörfum vinnumarkaðarins með því að taka tillit til reynslu og þekkingar fullorðinna námsmanna með reynslu af vettvangi. Þörfin fyrir og krafa um raunfærnimat kom fyrst fram innan fullorðinsfræðslunnar. Fróðlegt væri að skoða hvernig nýta megi hugmyndafræðina við raunfærnimat hjá börnum og unglingum á öðrum skólastigum. Alltaf er ákveðinn hópur grunn- og framhaldsskólanema sem ekki lýkur formlegu prófi (Gunnar E. Finnbogason, 2009).

5 Raunfærnimat matsveina

Margir einstaklingar starfa í matvælageiranum án þess að hafa formlega menntun. Í Viðskiptablaðinu (2012) kemur fram að um 30-40% starfsmanna séu ófaglærðir í ferðaþjónustu og hlutfallið er hæðst innan veitingageirans. Ætla má að talan sé orðin mun hærri í dag miðað við þá öru þróun sem átt hefur sér stað í ferðaþjónustunni hér á síðustu misserum. Margir af þessum einstaklingum gætu haft hug á að auka færni og formgera þekkingu sína. Raunfærnimat er því tilvalin leið ef áhugi er fyrir hendi. Þanning væri þeim veitt tækifæri til að efla sjálfa sig og stöðu sína á vinnumarkaði, með því að ljúka námi á eigin forsendum.

Hæfniprep á iðnnámsbraut eru þrjú. Hæfniprep segja til um hvaða lykilhæfni, grunnþætti og sérhæfingu nemandi þarf að hafa á valdi sínu við námslok. Þannig gefa þau vísbendingu um námskröfur og með þeim hætti eru þau leiðbeinandi við gerð áfanga- og námsbrautarlýsinga. Hæfniprep þessi eiga einnig að gefa nemendum og atvinnulífinu upplýsingar um inntak námsins (Aðalnámskrá framhaldskóla, 2011).

Með þrepaskiptu námi í matsveina og matartæknináminu er hugmyndin að unnið verði eftir tillögum starfshóps frá árinu 2010 um dæmabraut fyrir matreiðslu sem ætlað er að vera innlegg inn í umræðu um framtíðarskipulag iðnnáms í matreiðslu. Hugmyndin að sameina matsveina- og matartæknibrautina kom fram hjá kennurum brautanna í Menntaskólanum í Kópavogi og Verkmenntaskólanaum á Akureyri. Um þróunarverkefni er að ræða og töldu höfundar samþættingar brautanna nauðsynlegt að fara í þessa vinnu þar sem samlegðar áhrif voru í einhverjum fögum beggja brautanna. Vinna við sameiningu námsbrautanna hefur staðið yfir í þrjú ár, námsbrautin hefur ekki verið samþykkt af Mennta- og menningarmálaráðuneyrtinu en vonir standa til að svo verði innan tíðar að sögn eins af höfundum (Margrét Sigurbjörnsdóttir, munnleg heimild, 22 febrúar 2016). Í Menntaskólanum í Kópavogi hefur tilraun verið gerð til að kenna þessar námsbrautir saman og hefur hún gefist ágætlega. Að mínu mati þarf þó að endurskoða einstaka þætti námsbrautarinnar með tilliti til þeirrar reynslu sem komin er af tillraunakennslunni.



Mynd 1. Þrepaskipt nám til matsveins og matartæknis

Á mynd 1. Má sjá hvernig fyrirhuguð námsbraut er hugsuð af höfundum hennar. Matsveina námið er þrepaskipt tveggja anna nám, bæði bóklegt og verklegt og líkur með fagprófi matsveins á öðru námsþrepi. Námið er starfsnám á framhaldskólastigi. Nemendur þurfa að hafa lokið sex mánaða starfsþjálfun áður en þeir innrita sig í námið eða vera starfandi í mötuneyti sem býður upp á mat í hádegi og kvöld. Meginmarkmið matsveina námsbrautarinnar er að búa nemendur undir störf sem matsveinar í smærri mötuneytum, fiski- og fluttingaskipum Matsveinar semja matseðla með fæðutengdar ráðleggingar Landlæknisembættis að leiðarljósi fyrir alla almenna matreiðslu í mötuneytum. (Menntaskólinn í Kópavogi, e.d) Námið er tveggja anna, þrepaskipt nám sem gæti verið upphafspunktur að frekara námi, því í Menntaskólanum í Kópavogi (MK) hefur innleiðing á þrepaskiptu námi til matreiðslumanns verið í ferli síðan 2010 þegar byrjað var að vinna við dæmabrautina. Það er hugsað þannig að sá sem hefur nám í matsveininum og líkur prófi með starfsheitinu matsveinn getur bætt við sig námi í matartækni og útskrifast með einnar annar viðbótarnámi með starfsheitið matartæknir. Það nám er síðan hægt að fá metið inn á námsbraut til matreiðslu ásamt því að fara í raunfærnimat í matreiðslu.

Samkvæmt nýrri aðalnámskrá á að líta fyrst og fremst til hæfni nemenda við allt mat (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2011). Öllu námi framhaldsskólans er raðað á hæfniprep. Þar sem framhaldsskólar skipuleggja sjálfir námsbrautir sínar er gert ráð fyrir að þeir geri nemendum kleift að velja ólíkar leiðir til að ná hæfniviðmiðum hvers þreps (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011).


Matsveina námið skiptist í sérgreinar og starfsþjálfun, 52 feininga bóklegt nám og 24 feininga verklegt. (Menntaskólinn í Kópavogi, e.d).

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	fein.
aðferðarfræði í matreiðslu		AFMA2MA04_1			4
enska		ENSK2ST05_9			5
hráefnisfræði matreiðslu		HEMF2HR03_1			3
matseðlafræði		MASF2MF02_1			2
matreiðsla	MATR1MG10_3	MATR2MA10_4			20
matvælaöryggi	MAVÖ1MF02_1				2
matur og menning		MOME2MM02_1			2
nám og tölvur	NÁTÖ1UT03_1				3
næringarfræði, grunnur		NÆRG2FV05_1			5
soð, sósur og eftirréttir, súpur		SSSE2GS04_1			4
stærðfræði		STÆR2TT05_125			5
tækjafræði, aðbúnaður og starfsumhverfi	TFAS1ÖU02_1				2
verklegr þjálfun á vinnustað	VPVS1SF05_6	VPVS2SV05_1			10
íslenska		ÍSLE2AL05_80			5
öryggismál og skyndihjúp	ÖRSK1ÖR02_4				2
örverufræði		ÖRVR2HR02_1			2
	24	52	0	0	76

Tafla 1. Prepaskipting náms til matsveins

Eins og taflan hér að ofan sýnir er matsveinanám þrepaskipt og hefst skólabátturinn á þrepi eitt. Nemandi sem hefur nám í matsveinanámi þarf að taka allar 24 feiningarnar á fyrsta þrepi. Ef viðkomandi hefur unnið við fagið og hyggst fara í raunfærnimat þá koma þær greinar sem metnar eru í raunfærnimatinu til styttingar á náminu. Möguleiki er fyrir hendi að nemandinn sé metinn að einhverju leiti inn á annað þrep í raunfærnimatinu. Þar sem raunfærnimat í matsveinanámi er nýtt er engin reynsla komin á það. Eitt raunfærnimat hefur þó verið framkvæmt fyrir matsvein og fékk viðkomandi metið hluta af áföngum á fyrsta þrepi en einnig áfanga á öðru þrepi. Fyrir viðkomandi þýðir þetta að skólabátturinn styttist og lýsti viðkomandi ánægju sinni með það þar sem langur tími var frá því að hann

hafði setið á skólabekk og fannst honum gott að byrja í fáum fögum Ónafngreindur nemandi). Möguleiki er einnig á að viðkomandi matstaki fái einhverja námsþætti metna inn á 3. þrep sem er matartækninám. Nám til matreiðslu hefst á 2. önn og lýkur með sveinsprófi á 3. önn. Vinnustaðanámið er 126 vikur en nám til matreiðslu er samningsbundið iðnnám. Höfundur hefur ekki séð að rætt hafi verið um hvernig vinnustaðanám matsveinna og matartækna komi til styttingar vinnustaðnámi í matreiðslu, þó kemur fram í hugmyndum að dæmabrautinni í matreiðslu að hafi nemandi sem útskrifaður er af matartæknibraut unnið á viðurkenndum veitingastað í 32 mánuði geti hann sótt um raunfærnimat (Ragnar Wessman og Margrét S. Sigurbjörnsdóttir, 2010). Að mínu mati liggur einhver skekkja þarna þar sem vinnustaðanám í matreiðslu er 126 vikur. Það þarf að skoða þetta nánar áður en til samþykktar á brautinni kemur (Ragnar Wessman og Margrét Sigurbjörnsdóttir, 2010).



Mynd 2 Þrepaskipting náms til matreiðslumanns

Á mynd 2. sést hvernig námsbrautir matartækni og matreiðslumanns gætu hugsanlega litið út. Nauðsynlegt er að hæfniviðmið í áfangalýsingum fyrir matsveina og matartækna uppfylli skilyrði þau sem sett eru í námi í matreiðslu. Dæmabrautin í matreiðslu hefur ekki verið samþykkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Áður en til samþykktar hennar kemur verður að mínu mati að skoða betur hvar matsveina og matartækni námsbrautin raðast á hæfniprepin í matreiðslu. Fyrirhuguð dæmabraut verður að mati höfundar að útskýra og gera grein fyrir því hvar hæfniprep matsveina og matartæknibrautar liggur miðað við hæfniprepin í matreiðslunáminu. Undirrituð hefur heyrt að ráðgert sé að raunfærnimeta matsveina og matartækna áður en þeir hefja nám í matreiðslu. Að mínu mati er þetta ekki nógu skilvirkt og skýrt. Þess vegna er nauðsynlegt að skoða betur samlegðaráhrif brautanna áður en dæmabrautin verður samþykkt. Grunnhugmyndin að þrepaskiptingunni er góð að mínu mati en ekki liggur ljóst fyrir hvers konar hæfni er krafist af einstaklingum sem ljúka námi af áður nefndum námsbrautum til að þeir nái þeim hæfniviðmiðum sem krafist er við inngöngu í matreiðslunámið. Það mætti gera með því að

skoða samlegðarpætti áfanganna betur og tengja þrepin saman. Hugsanlega væri nóg fyrir matsveina og matartækna að taka einungis vinnustaðarþáttinn að hluta og áfangar sem kenndir væru á fyrsta og öðru þrepi væru síðan metnir inn í matreiðslunámið, þannig næðist samfella í náminu sem að mínu mati er mikilvæg.

Fyrsta raunfærnimatið í matsveinanámi var tekið í janúar síðastliðnum. Unninn hefur verið gátlisti fyrir matið og hægt er að skoða hann í viðauka 3. Raunfærnimatið er ekki frábrugðið raunfærnimati til matartækni eða matreiðslumanns, þar sem bæði eru metnir bóklegir og verklegir þættir. Skipting bók- og verkþáttar er svipuð, þó óneitanlega séu fleiri liðir lagðir fyrir í raunfærnimati til matartækni og matreiðslumanns. Nám á 1-3. þrepi er hugsað sem nám með vinnu. Nám til matreiðslu er iðnnám og um það gilda aðrar reglur.

Hægt er að telja marga kosti við að samþætta nám í matvælagreinum og þrepaskipta því til hægðarauka fyrir nemendur. Raunfærnimat gegnir mikilvægu hlutverki í hugmyndafræðinni um þrepaskipt nám með útgönguleiðum eins og til stendur að bjóða upp á, verða áður nefndar námsbrautir samþykktar. Nemendur hafa útgönguleið úr matsveini, matartækni og matreiðslu en einnig innkomu aftur þegar hugur stendur til frekara náms.

Áhugi vaknaði hjá mér við skrif þessi að fá endurgjöf frá raunfærnimatstökum í matvælagreinum þar sem aðeins einn matstaki hefur tekið raunfærnimat í matsveini. Haft var samband við aðila sem höfðu nýlega farið í raunfærnimat í matreiðslu. Eins og fram hefur komið er raunfærnimatið áþekkt í þessum greinum þó stigsmun sé að finna enda matreiðsla iðngrein og fjagra ára nám. Í næsta kafla er tekin fyrir spurningarlisti sem höfundur sendi á sjö einstaklinga sem þreytt höfðu raunfærnimat í matreiðslu fimm svöruðu spurningum höfundar. Var þetta meira gert til gamans en að um formlega rannsókn eða könnun væri að ræða. Í svörum þeirra sem þátt tóku kemur fram að raunfærnimatið hafði mikil og góð áhrif fyrir flesta. Má því leiða líkum að því að upplifun verðandi matsveina verði svipuð.

5.1 Óformleg könnun send einstaklingum sem hafa farið í raunfærnimati í matreiðslu

Spurningarlisti með spurningum um upplifun viðkomandi á raunfærnimati var sendur til sjö einstaklinga sem lokið höfðu verklegu og bóklegu raunfærnimati í matreiðslu (sjá viðauka 2). Könnunin fór þannig fram að höfundur fékk uppgefin nöfn og símanúmer sjö einstaklinga hjá lðan fræðslusetur en það er sú stofnun sem sér um raunfærnimat meðal annars á matvælasviði, og hringdi í þá til að fá samþykki til að senda þeim könnunina í tölvupósti.

Greiðlega tókst að fá samþykki til þátttöku, en þegar til kastanna kom voru einungis fimm af sjö sem svöruðu. Einum þátttakanda fannst hann ekkert hafa að segja um matið, fannst hann illa metinn og hafði gert önnur plön. Af þeim fimm sem svöruðu er ljóst að allir utan einn voru virkilega ánægðir með að hafa valið þessa leið og farið í raunfærnimat.

Sá þátttakandi sem var óánægður, fannst matið ekki sangjarnt, sagði meðal annars:

Ég hélt að ég gæti náð mér í réttindi meðfram fullu starfi og langaði til að læra meira í faginu. Fannst ég fá lítið matið af 15 ára starfsferli mínum í matreiðslu. Hef starfað sem yfirkokkur á veitingastað í 6 ár og hef verið yfirmanneskja og stjórnandi í mötuneyti í stóru og virtu fyrirtæki og einnig miðlungsstóru fyrirtæki innan fjármála geirans. Hef bestu meðmæli frá öllum mínum atvinnurekendum og hef verið farsæl í starfi. Með þennan starfsferil í farteskinu fékk ég einungis matið 34 vikur af 126 vikna vinnustaðarætti. Þessi niðurstaða var einkum fengin vegna þess að ég þótti ekki hafa nægjanlega reynslu í "matreiðslu sláturdýra" og "fine dining". En staðreyndin er sú að ég hef ekki eldað mikið úr nauta, svína og lambakjöti, en hef meiri áherslu lagt á fiskinn, grænmetisrétti, kjúklingarétti og hef haft hollustuna að leiðarljósi

og hvers vegna viðkomandi kaus að fara ekki í námið eftir raunfærnimat var svarið „Fannst það öfugsnúið að hætta sem yfirmatráður í mjög vel launaðri vinnu sem ég var og er alsæl með, til að fara á samning í eitt og hálf ár á veitingastað. Sá ekki alveg hagnaðinn í því“ Þessi einstaklingur benti á að námið væri of einhæft það vantaði breidd í það, þá sérstaklega á sviði hollustu.

Hinir fjórir þátttakendurnir voru sammála um að raunfærnimatið hafi breytt miklu varðandi starfsferil þeirra og lífsgæði. Einn svaraði spurningu þar sem spurt var hvort það hafi haft áhrif á líf viðkomandi að hafa farið í raunfærnimat og klárað námið, með tilliti til lífsafkomu, stöðu og lífsgæða á eftirfarandi hátt: „Það breytti öllu ég gat fengið vinnu á flottum stöðum og launin hækkuðu umtalsvert“ Þessi þátttakandi var ánægður með raunfærnimatið og myndi hiklaust mæla með því fyrir aðra. Honum fannst hann ekki hafa neinu að tapa þegar spurt var hvers vegna hann ákvað að fara í matið og sagði einnig að það hefði verið sanngjarnt og mjög jákvætt. Honum fannst hann bæði í vinnustaðanáminu og í skólanum standa jafnfætis öðrum nemum en spurningu þar sem spurt var um þekkingu og færni í samanburði við vinnu- og skólafélagna svaraði hann að hún hafi verið góð. Sömu sögu var að segja um hina þrjá. Þeir svöruðu að matið hefði breytt miklu fyrir þá. Þeir hefðu fengið betri vinnu og einn sagði: „aldrei hefði ég trúað að ég fengi yfirkokksstöðu að námi loknu“ Annar sagði að matið hefði „opnað dyr að nýrri framtíð“ Hann nefndi að námið hefði

verið ánægjulegt og raunfærnimatið hefði verið réttmætt. Hann sagði meðal annars: „ég var fyrst svaka svekktur yfir matinu fannst það ekki nógu mikið sem ég fékk metið í verklega, en fann svo þegar ég fór á samning að þetta var rétt“ Hann nefndi einnig að það hafði komið fram í niðurstöðum matsins að mælt var með að fara í verklegahlutann á stóran stað þar sem fjölbreytni væri mikil . Hann sagði um það að:„ég hefði ekkert endilega farið á hótél sem allt er gert á, mér var bara ráðlagt að gera það og sé ekki eftir því“. Hann sagðist hafa mælt með raunfærnimatinu við aðra og vissi um að minnsta kosti einn sem væri núna að klára námið eftir raunfærnimat. Þeir svöruðu allir að allt hefði verið jákvætt við matið og ekkert neikvætt. Allir voru búnir að vinna lengi við eldhústörf á mörgum ólíkum stöðum. Allir voru sammála um að þetta hefði verið góð ákvörðun og þeir myndu mæla með því við aðra. Læt hér að síðust fylgja eitt svar við lokaspurningunni: „Áfram raunfærnimat“.

6 Samantekt

Raunfærnimat er ein leið af mörgum sem í boði eru til að auka aðgengi að frekari menntun og verður sífellt mikilvægara til þess að kortleggja færni fólks sem vill bæta við sig í námi eða annarri uppbyggingu. Íslenskt samfélag býr við þann raunveruleika að um þriðjungur vinnuaflsins hefur ekki framhaldspróf eða starfsmenntun, en markmið stjórnvalda er að aðeins tíu prósent vinnuaflsins tilheyri þessum hópi árið 2020. Til þess að ná því markmiði þarf að skoða þær hindranir sem standa í vegi fyrir því að einstaklingar nái ásættanlegu menntunarstigi til að standa undir þeim kröfum nútíma samfélags. Með raunfærnimati geta þeir einstaklingar sem hafa í gegnum áralanga reynslu byggt upp umtalsverða færni og þekkingu, en ekki lokið námi af einhverjum ástæðum fengið viðurkenningu á hæfni sinni. Búið er að ryðja braut og yfirstíga ýmsar hindranir til að greiða aðgengi viðkomandi að námi.

Mikilvægt er að tryggja áreiðanleika, réttmæti og tiltrú einstaklinga, atvinnulífsins og skóla á niðurstöðu raunfærnimatsins. Eflaust hafa einhverjar efasemdar raddir heyrst í upphafi, eins og nærri má geta þegar nýjar aðferðir eru kynntar til sögunnar. Ef svo þá hefur þeim örugglega fækkað með kynningu, rökræðum og reynslunni. Umræðan í garð raunfærnimats er að mínu mati jákvæð í dag, þeir sem farið hafa í matið gefa jákvæða umsögn samanber viðtölin hér að framan og í flestum tilfellum standa þeir sem hefja nám eftir raunfærnimat sig vel í náminu.

Á 10 ára afmælishátíð Iðunnar fræðslusetur sem haldin var 4. Maí 2016 og undirrituð sótti kom fram í umræðu að raunfærnimat á Íslandi væri afar vinsælt í flestum greinum sem biðu upp á raunfærnimat. Nýjar greinar væru að bætast við og þar á meðal væri raunfærnimat til matsveinanáms. Athygli mína vakti að það kom fram að meðalaldur raunfærnitaka er 38 ár og í iðngreinum væru karlar í meirihluta, þó væru konur að sækja í sig veðrið.

Raunfærnimat er ekki afsláttur af kröfum um þekkingu og færni og því mikilvægt að atvinnulíf og skóli viðurkenni niðurstöður raunfærnimats. Þar af leiðandi er samvinna þessara aðila mikilvæg í framgangi raunfærnimats. Gæðaviðmið þurfa að vera skýr og varhugavert getur verið að líta á raunfærnimat sem svar við öllum vanda, skólar geta ekki starfað í tómarúmi og krafa atvinnulífsins verður einnig að vera skýr um tiltekna fagmenntun til þess að nemandi sjái ástæðu til að ljúka námi og öðlast réttindi. Raunfærnimati er ætlað að brúa bil milli skóla og atvinnulífs. Reynsla úr atvinnulífinu er metin til móts við fagleg viðmið sem skólakerfið setur til að koma til móts við færnikröfur starfa. Í þessu samhengi og þeirri umræðu sem á sér stað um starfsmenntun er vert að spyrja hvernig ætti að haga verkskiptingu skóla og atvinnulífs. Eins staðan er í dag þarf að

huga betur að formlegri samvinnu þessara aðila og frekara skipulagi og meiri skilning á vinnustaðanámi af beggja hálfu að mínu mati. Innkoma á námsbrautir og hæfniprep þurfa að vera skilmerkilega útfærð þannig að nemandi sjá sér hag í að sækja í námið.

Það hlýtur að teljast góður kostur fyrir fólk sem ekki treystir sér í langt nám að eiga möguleika á að fara í stutt þrepaskipt nám þar sem auðvelt er að bæta við sig frekara námi í framhaldi. Mitt mat er að einstaklingur með lítið sjálfstraust gagnvart námi, jafnvel brottfallsnemandi með starfsreynslu á sviði matargerðar og uppfyllir skilyrði til að fara í raunfærnimat fái þá hvatningu sem til þarf. Það eru meiri líkur en minni að hann öðlast sjálfstraust að nýju gagnvart fræðslukerfinu og hefji nám sem að líkum hentar. Því er mikilvægt að stuðningur við matstaka sé til staðar og að viðkomandi fái hann frá náms- og starfsráðgjöfum sem og fagaðilum sem meta stöðuna.

Í samtali sem ég átti við náms- og starfsráðgjafa í raunfærnimati kom fram að þeir einstaklingar sem leita til hennar og hafa litla formlega menntun en hafa tekið ákvörðun um að hefja nám eða bæta við sig þekkingu segja að hvatning og stuðningur sem veittur var í ferlinu hafi skipt máli og aukið sjálfstraustið til að takast á við framhaldið. Að mínu mati getur sá stuðningur haft úrslita áhrif á að einstaklingarnir fari í námið. Sá trúnaður sem myndast á milli matstaka og náms og starfsráðgjafa getur reynst honum ómetanlegur. Í sama samtali tjáði ráðgjafi mér að eftir að matstaki er byrjaður í námi sækir hann í aðstoð þeirra er unnu með raunfærnimatið frekar en aðstoð innan veggja skólans þó svo að málefnið tengist skólanum. Skýringin á þessu gæti jafnvel verið að traust matstaka á fræðslukerfinu hafi ekki verið mikið og jafnvel ekkert áður en til viðtals við náms og starfsráðgjafa kom. Viðtalið er í fyrsta sinn sem viðkomandi hittir mögulega einhvern sem sýni honum áhuga innan fræðslukerfisins.

Þeir sem kjósa að stíga skrefið aftur til náms í gegnum raunfærnimat eru misjafnir hvað varðar þekkingu og kunnáttu. Raunfærnimat fyrir styttri námsleiðir og þrepaskipt nám eins og boðið er upp á varðandi matsveinanámið hentar mörgum sem eru úti í þjóðfélaginu réttindalausir og þurfa staðfestingu á hæfni sinni sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta.

Lokaorð

Umfjöllunar efni þessarar ritgerðar var raunfærnimat. Ætlun mín var að skoða hvort raunhæft er að bjóða upp á raunfærnimat til náms á styttri námsbrautum eins og í matsveina námi. Hér skoðaði ég hæfniviðmið, samræmdar leiðbeiningar Evrópusambandsins og hversu mikilvægt það er fyrir þjóðarbúið að menntunarstig hækki. Metnaðrfull áætlun stjórnvalda í þá átt byggist á markmiðinu um að árið 2020 verði 90% af vinnuafli þjóðarinnar með framhalds-eða starfsmenntun. Til að ná þessum markmiðum þarf að beita hagnýtum úrræðum og þar nýtist raunfærnimatið. Það kemur til móts við þann hóp vinnuafis sem teljast til fullorðinna en er án framhalds-eða starfsmenntunar. Farið var yfir þætti sem snúa að rétti manneskjunnar til að læra og hvernig hægt er að tengja áherslur Evrópusambandsins varðandi nám alla ævi við raunfærnimat. Reynsla fólks og raunfærni þeirra er metin og ýmsar hindranir sem áður stóðu í vegi til frekara náms hafa verið ruddar. Framkvæmd raunfærnimats var skoðað og ljóst er að þáttur náms og starfsráðgjafa sem og fagaðila er mikilvægur í ferlinu, þar sem skrefið getur verið stórt fyrir matstaka að stíga þegar hefja á nám að loknu raunfærnimati. Niðurstaða mín er sú að með mati á raunfærni er hægt að formgera alla þekkingu, leikni og færni sem einstaklingurinn býr yfir, því er raunfærnimatið hvati til færniuppbyggingar og ekkert til fyrirstöðu að meta fólk sem vill hefja nám á stuttum námsbrautum eins og námi til matsveins.

Heimildarskrá

Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti /2011

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti/2011

Anderson, P., Sjösten, N. og Ahn, S. (2003). *Att värdera kunskap, erfarenhet og kompetens.Perspektiv på validering*.Stokkhólmur: Myndigheten for skoleutvikling.

Auður Sigurðardóttir. (2010). *Að stíga skrefið til fulls* (MA-ritgerð í náms- og starfsráðgjöf). Sótt af:

http://skemman.is/stream/get/1946/4382/12754/1/pdf_fixed_A%C3%B0_st%C3%ADga_skrefi%C3%B0.pdf

Biggs, J. og Tang, C. (2007). *Teaching for quality learning at university*. Berkshire: McGraw-Hill.

Björnåvold, B. (2000). *Making learning visible. Identification, assessment and recognition of non-formal learning in Europe*. Þessalónika: Cedefop.

Challis,M. (1993). *Introducing APEL*.London: Routledge

Casner-Lotto, J. og Barrington, L. (2006). *Are they really ready to work? Employers' perspectives on the basic knowledge and applied skills of new entrants to the 21st century U.S. workforce*. Sótt af:

http://www.p21.org/storage/documents/FINAL_REPORT_PDF09-29-06.pdf

Cedefop. (2007). *Validation of non- formal and informal learning in Europe*. Sótt af:

http://www.cedefop.europa.eu/etv/Upload/Information_resources/Bookshop/493/4073_en.pdf

Council of the European Union. (2004). *Education and training 2010: The success of the Lisbon strategy hinges on urgent reforms*.Sótt af: <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=uriserv:c11071>

Evrópuráðið. (e.d. a) *Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk*. Sótt af:

http://vefir.nams.is/kompas/pdf_klippt/5.kafli/5.pdf

Evrópskar leiðbeiningar um mat á raunfærni. (e.d.). Sótt af:

http://www.frae.is/files/8.Evr%C3%B3pulei%C3%B0beiningar%20-%20raunf%C3%A6rni_1101767205.pdf

Fjóla María Lárusdóttir. (2007). *Raunfærnimat í atvinnulífinu.Í Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun* (bls.. Sótt af:

<http://www.frae.is/media/70929/Allt.pdf>

Fordham, P. E. (1993). *'Informal, non-formal and formal education programmes' in YMCA George Williams College ICE301 Lifelong Learning Unit 2*. London: YMCA George Williams College.

- Forsætisráðuneytið. (2011). *Ísland 2020 –sókn fyrir atvinnulíf og samfélag þekking sjálfbærni, velferð*. Sótt af:
<https://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/island2020.pdf>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2007). *Tillögur um þróun raunfærnimats*. Sótt af:
http://www.frae.is/files/%7B9286df37-0e35-41e2-a308-8c8d1a6f6ad8%7D_till%C3%B6gur%20um%20%C3%BEr%C3%B3un%20raunf%C3%A6rnimats.pdf
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.a). *Raunfærni –raunfærnimat*. Sótt af:
http://www.frae.is/files/b%C3%A6klingur%20raunf%C3%A6rni_2032092579.pdf
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.b). *Raunfærnimat á Íslandi*. Sótt af:
<http://www.frae.is/raunfaernimat/raunfaernimat-a-islandi/>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.c). *Ferlið í raunfærnimati*. Sótt af:
<http://www.frae.is/raunfaernimat/ferlid/>
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1995). *The forgotten half. Comparison of dropouts and graduates in their early work experience. The Icelandic case*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs. Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan
- Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir. (2013). Brotthvarf og endurkoma fullorðinna í nám á framhaldsskólastigi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 44-64.
- Guðmundur Birgisson. 2000. *Lýsing á fyrirhuguðum rannsóknum*. Sótt af
<http://mennta.hi.is/vefir/ust/tjona/hugsmid.htm>
- Guðmundur Finnbogason. (1903). *Lýðmenntun:hugleiðingar og tillögur*. 1.útgáfa. (Heimildarit í íslenskri uppeldis- og skólasögu 1). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar E. Finnbogason. (2009). Að gera hæfni sýnilega Mat á raunfærni. *Netla -Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: <http://netla.hi.is/greinar/2009/008/index.htm>
- Haukur Harðarson. (2009). Raunfærnimat á tímamótum. *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Sótt af: <http://www.frae.is/media/70765/Allt.pdf>
- Herr, E.L. (1999). *Counseling in a dynamic society. Contexts and practices*. Alexandria: ACA.

- Hildur Elín Vignir. (2009). Raunfærnimat Árangur og áskoranir. *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Sótt af: <http://www.frae.is/media/70765/Allt.pdf>
- Hróbjartur Árnason. (2005). Hvað er svona merkilegt við það að vera fullorðinn? *Gátt, ársritum fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Sótt af: <http://www.frae.is/media/71015/4-82f2a9f8-3cab-4e47-8dec-83adcf060546-hvad-er-svona-ha.pdf>
- Hróbjartur Árnason (2008). Hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gengið til góðs? *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*. Sótt af: http://www.frae.is/media/70778/4-FATilgodsHA_279652126.pdf
- Iðan fræðslusetur (e.d.a). Námskeið á vegum Sæmundar Fróða. Sótt af: <http://www.saf.is/namskeid-a-vegum-saemundar-froda/>
- Iðan fræðslusetur. (e.d.b). Raunfærnimat. Sótt af: <http://idan.is/raunfaernimat>
- Jeffs, T. og Smith, M. K. (2005). *Informal Education – conversation, democracy and learning*. Nottingham: Educational Heretics Press.
- Jón Torfi og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Námsferill, námslok og búseta. Rannsókn á námsferli '75 árgangsins*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Rósa Arnardótti og Jón Torfi Jónasson. (2004). Gildi menntunnar í lífi fullorðins fólks. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 129-143. Sótt af: http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/10_johanna_jon1.pdf
- Jón Torfi Jónasson. (2004). Fullorðinsfræðsla og starfsmenntun á Íslandi. *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 12-19. Sótt af: <http://www.frae.is/media/71157/Allt.pdf>
- Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. (e.d). *Hæfniviðmið*. Sótt af: <https://kennslumidstod.hi.is/index.php/kennsla/kennsluhornidh/111-um-haefnividhmidh-kennsluhaetti-og-namsmat>
- Kolb. (1984). *Experiential learning. Experience as the source of learning and development*. New Jersey: Prentice Hall.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2002). *Brottfall úr námi. Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
- Lög um framhaldsfræðslu nr. 92/2008
- Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014a). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af: https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntu_n.pdf

- Mennta-og menningarmálaráðuneytið. (2014b). *Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2009-2013*. Sótt af: <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/Uttekta-framhaldsfraedlukerfinu-2009---2013.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Brotthvarf úr framhaldskólum*. Sótt af: <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7867>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Samantekt úr OECD Education at a Glance 2012*. Sótt af: https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/EducationAtAGlance2012_samantekt-MMR.pdf
- Mennta-og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Mat á námi*. Sótt af: <http://namskra.is/books/adalnamskraframhaldsskola2011/matunamiogvelferdbarna>
- Mennta-og menningarmálaráuneytið. (2010). *Mótun stefnu um nám alla ævi þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Sótt af: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Motun_stefnu_um_nam_alla_aevi.pdf
- Menntaskólinn í Kópavogi. (2016). *Heimasíða matvælasviðs*. Sótt af: <http://mk.is/index.php/idhnnamsbrautir/fullordhinsfraedhsla-idhnnam/matsveina-og-matartaeknabraut>
- Merriam, S., Caffarella, R., Baumgarthner, L. (2007). *Learning in adulthood: A comprehensive guide*. San Francisco Jossey Bass.
- Nganasurian, W. (1999). *Accreditation of Prior Learning for Nurses and Midwives*. Borg Quay Books
- Nordvux. (2007). *Fremtidenskompetenser och hur vi utvecklar dem*. Sótt af http://www.nordvux.net/download/2623/ntt_rapport.pdf
- OECD. (2012). *OECD-Iceland improving schools review: Towards a strategy to prevent dropout in Iceland*. Sótt af: <http://www.oecd.org/iceland/49451462.pdf>
- Ragnar Wessman og Margrét S. Sigurbjörnsdóttir, (2010). *Dæmabraut í matreiðslu* (bæklingur) Menntaskólinn í Kópavogi
- Ragnhildur Bjarnadóttir. (2008). Starfshæfni kennara frá sjónarhóli nærrænna kennaranema, *Uppeldi og menntun*, 17(2), 55-75. Sótt af: http://skemman.is/stream/get/1946/13919/33448/8/2008_17_2_UM_1.pdf
- Reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011

- Rumberger, R.W. (1987). High school dropouts: A review of issues and evidence. *Review of educational research*, 57(2) , 101 – 121. Sótt af <http://rer.sagepub.com/content/57/2/101.abstract>
- Samtök atvinnulífsins. (2009) *Hagsýni Framsýni og Áræðni Atvinnustefna*. Sótt af http://www.sa.is/media/1157/atvinnustefna-sa-2009_887514618.pdf
- Samtök iðnaðarins. (2004,). Fjölbreytt menntun eykur samkeppnishæfni. Sótt af <http://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/leidari-si/2004/11>
- Savickas, M. L. (1997). *Constructivist career counseling: Models and methods. Advances in personal construct psychology*. Greenwich CT: JAI Press.
- Sigrún Kristín Magnúsdóttir. (2005a). Fræðsla fullorðinna á Íslandi. *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 49-53. Sótt af: <http://www.frae.is/media/71081/Allt.pdf>
- Sigrún Kristín Magnúsdóttir. (2005b). Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL). *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 64-66. Sótt af: <http://www.frae.is/media/71081/Allt.pdf>
- Sólveig R. Kristinsdóttir. (2013). *En halló ég hef bara alveg helling-upplifun starfsmanna fjármálafyrirtækja af raunfærnimati* (Lokaverkefni til MA-gráðu í náms og starfsráðgjöf). Háskóli Íslands, Reykjavík
- Sólveig R. Kristinsdóttir. (2012). En halló ég hef bara alveg helling. *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 79-83. Sótt af: http://www.frae.is/files/Gatt_2012_079-083_web_1030252928.pdf
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Stefánsson. (2011). Þróun framhaldsfræðslu. *Gátt ársrit um fullorðins-fræðslu og starfsmenntun*, 6–8.
- Trilling, B. og Fadel, C. (2010). *21st century skills: Learning for life in our times*. San Fransisco, CA: Jossey-Bass.
- Wilhelmsen, Sonja, Stein Inge Åsmul og Öyvind Meistad. (1998). *Psychological theories; A brief survey of the changing views of learning*. CSCL – A brief overview & interesting links for further study. Sótt af: http://www.uib.no/People/sinia/CSCL/web_struktur-834.htm
- Wilson, Brent. (1998). *Creating Technology-supported Learning Communities*. Sótt af <http://www.cuvender.edu/~bwilson/learncomm.html>
- UNESCO. (e.d.). *The right to education*. Sótt af: <http://www.unesco.org/new/en/education/themes/leading-the-international-agenda/right-to-education>

Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands. (2014). *Félagsvísar*. Sótt af:

https://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Felagsvisar_2014.pdf

Yorke, M. (2006). *Employability in higher education: What it is -what it is not*. York, England: Higher Education Academy.

30-40% starfsmanna ófaglærðr í ferðapjónustu. (22.apríl 2012). *Viðskiptablaðið*. Sótt af:

<http://vb.is/frettir/30-til-40-starfsmanna-ofaglaerdir-i-ferdathjonustu/71639/>

Viðauki 1: Bréf sent til sjö einstaklina sem fóru í raunfærnimat í matreiðslu

Kæri viðtakandi.

Eins og fram kom í símtali okkar er þetta verkefni partur af lokaverkefni mínu til B.ed. gráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ég vil biðja þig að svara öllum spurningunum 6 sem og a og b þætti 3. og 4. spurningar. Ekki mun koma til að nöfn verði birt í ritgerðinni aðeins þau atriði er koma fram sem svör við spurningunum.

Best er að vista þetta skjal og svara svo beint á spurningalistann undir hverjum lið. Þanning tryggjum við að svörin lendi á réttum stað. Ef einhver vandamál koma upp eða spurningar þá ekki hika við að hringja í mig 7779880.

Að lokum vil ég þakka fyrir góð viðbrögð við fyrirspurn minni og óska þér alls góðs í þínum störfum.

Kveðja

Guðfinna Guðmundsdóttir

Viðauki 2: Spurningar sendar til raunfærnistaka í matreiðslu

Spurningar sem raunfærnimats einstaklingarnir 5 fengu

1. Hvernig komst þú að því að hægt var að fara í raunfærnimat
2. Hvers vegna ákvaðstu að fara í raunfærnimat
3. Fannst þér matið sanngjarnt.
 - a) Lýstu því hvað þér fannst jákvætt
 - b) Lýstu því hvað var neikvætt
4. Var þekking þín og færni í samræmi við aðra nemendur á námstímanum
 - a) Í vinnustaðanámi
 - b) Í skólanum
5. Getur sagt frá hvernig áhrif það hefur haft á líf þitt að hafa farið í raunfærnimatið og klárað síðan námið, með tilliti til lífsafkomu, stöðu, og lífsgæða.
6. Myndir þú mæla með því við aðra að fara í raunfærnimat
7. Er eitthvað sem þú villt koma á framfæri varðandi raunfærnimatið
 - a) Fannst þér matið óréttlátt og þá hvers vegna
 - b) Eru aðrar ástæður fyrir því hvers vegna þú valdir að fara ekki í námið og ef svo er þá hverjar.
8. Myndir þú mæla með því við aðra að fara í raunfærnimat
9. Eitthvað sem þú vilt að komi fram. Eitthvað að lokum

Viðauki 3: Gátlisti fyrir raunfærnimat matsveina

Umsjón með framkvæmd lðan fræðslusetur

Mat á þekkingu og færni

Notaðu lýsingarnar hér fyrir neðan til þess að meta þekkingu þína og færni í hverjum færniþætti áfanganna sem fara hér á eftir. Leitaðu til kennara eða fagaðila ef eitthvað er óskýrt.

1 Stig

Lítill þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti undir stjórn annarra.

2 Stig

Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni undir handleiðslu næsta yfirmanns.

3 Stig

Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.

4 Stig

Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu, sýnir sjálfstæði og frumkvæði í starfi, leiðbeinir öðrum.

Mikilvæg fagþekking í námi og starfi

Tölvufærni	1= Lítil þekking/færni 2Nokkur þekking/færni				Umsagnaraðili:		
	1	2	3	4	Á ekki við	Lokið	Ólokið
Ritvinnsla (Word)							
Töflureiknir (Excel)							
Power Point							
Netið/tölvupóstur							
Önnur forrit:							

Mikilvæg fagþekking í starfi

FAM102					Umsagnaraðili:		
Fagfræði matsveina							
Hugmyndafræði, markmið og leiðir	1	2	3	4	Á ekki við	Lokið	Ólokið
• Getur forgangsraðað verkefnum og skipulagt vinnuferla með tilliti til fyrirliggjandi verkefna							
• Getur hannað og skipulagt matseðil fyrir tiltekna viðburði s.s hlaðborð og margrétta veislur							
• Getur reiknað út hráefniskostnað og rýrnun hráefnis og áætlað magn matar fyrir tiltekið verkefni							
• Þekkir íslenskar og erlendar sláturafurðir og villibráð							
• Getur talið upp og lýst helstu tegundum íslensks og erlends skelfisks							
• Þekkir helstu tegundir bol- og flatfisks							
• Getur talið upp algengar grænmetistegundir							
• Getur útskýrt notkun á algengum kryddjurtum og kryddi							
• Þekkir algengar korntegundir							
• Þekkir algengar ávaxtategundir							
• Þekkir helstu tegundir dýra-og jurtafeiti							
• Getur hlutað sláturdýr og talið upp helstu vöðva og greint nýtingu þeirra							
• Getur lýst gerð og innihaldi helstu grunnsóða							
• Þekkir helstu grunnsósúr							
• Þekkir til helstu matreiðsluaðferða							

<ul style="list-style-type: none"> • Getur lýst súrsun, þækilsöltun, heit- og kaldreykingu og mareneringu 							
<ul style="list-style-type: none"> • Getur nýtt almenna fagþekkingu við nálgun og úrlausn verkefna í matreiðslu 							
<ul style="list-style-type: none"> • Önnur þekking: 							
Hugmyndafræði, markmið og leiðir	1	2	3	4	Á ekki við	Lokið	Ólokið
<ul style="list-style-type: none"> • Kann skil á helstu matreiðsluaðferðum 							
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir til helstu fæðuofnæmis og óþols þátta í matargerð og bakstri 							
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir grunnuppskriftir í helstu almennu eftirréttum heitum, köldum og frosnum 							
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir til lögunar á hinum ýmsu farsréttum 							
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir til kalda eldhússins 							
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir til notkunnar á grænmeti, pasta, grjónum og kornmeti sem meðlæti og sem hluta af heilstæðri máltíð 							
<ul style="list-style-type: none"> • Önnur þekking: 							

Mikilvæg fagþekking í starfi

GAM104					Umsagnaraðili:		
Grunnur að matreiðslu					1= Lítil þekking/færni		
					2= Nokkur þekking/færni		
Hugmyndafræði, markmið og leiðir	1	2	3	4	Á ekki við	Lokið	Ólokið
• Getur forgangsraðað verkefnum og sýnt sjálfstæði og frumkvæði í vinnu							
• Getur lagað grunnsoð							
• Þekkir og getur lagað grunnsósúr							
• Þekkir súpuflokka og getur matreitt þær							
• Getur matreitt einfalda pastarétti og grjónarétti							
• Þekkir til og getur matreitt grænmetisrétti og sérhæfða rétti s.s glútensnautt fæði og eggja-og mjólkurlausa rétti							
• Getur greint og flokkað notkun á íslenskum fiski og sláturafurðum							
• Getur greint frá notkun á grænmeti, grjónum, pasta og kornmeti sem meðlæti eða hluta af heilstæðri máltíð							
• Getur undirbúið og lagað hádegisverð þar sem notaðar eru algengustu íslenskar sjávarafurðir og sláturafurðir							
• Hefur þekkingu á hvernig tengja megi saman matreiðsluaðferðir og skilning á að ein aðferð hentar betur en önnur							
• Þekkir virkni helstu eldunartækja í eldhúsi s.s. fjölkerfaofna, spanhellna og notkun á gaseldunartækjum og almennum eldunartækjum sem er að finna í eldhúsum fyrirtækja sem framleiða matvæli							

<ul style="list-style-type: none"> • Getur beitt mælitækjum til að tryggja heilnæmi vörunnar eins og kjarnhitamælum 							
<ul style="list-style-type: none"> • Kann að matreiða með hollustu að leiðarljósi samkvæmt leiðbeiningum Landlæknisembættisins 							
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir mun á að elda fyrir ólíka hópa s.s börn, unglunga og aldraða 							
<ul style="list-style-type: none"> • Getur samið matseðla sem eru rekstrarlega hagkvæmir og faglega réttir 							
<ul style="list-style-type: none"> • Hefur skilning á mikilvægi matseðils fyrir ímynd og gæðastefnu fyrirtækisins 							
<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir og getur sett saman matseðla fyrir sérfæði 							
<ul style="list-style-type: none"> • Getur gert tímaáætlun og vinnutilhögun fyrir verkefni dagsins 							
<ul style="list-style-type: none"> • Getur sameinað framsetningu og gæði fæðunnar 							
<ul style="list-style-type: none"> • Önnur þekking: 							